

Lögmannablaðið

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS

2. TBL. 24. ÁRG. 2018





- | | | |
|--|---|--|
| <p>4 EVA HALLDÓRSDÓTTIR
Leiðari</p> <p>6 BERGLIND SVAVARSDÓTTIR
Áskoranir framtíðar</p> <p>8 ANNA LILJA HALLGRÍMSDÓTTIR
Sjálfstæði lögmannna og eftirlit með störfum þeirra</p> <p>10 Matbók og matsmannanámskeið</p> <p>11 ELÍSBET ANNA JÓNSDÓTTIR
Gæði lagasetningar: Samhljómur um að vanda vel til verka</p> | <p>14 AUÐUR BJÖRG JÓNSDÓTTIR
Matsgerðir og sakamál</p> <p>16 Hlutverk Alþingis við skipun dómara</p> <p>18 ANNA LILJA HALLGRÍMSDÓTTIR
Af persónuvernd, starfsumhverfi, fjölmiðlum, orkusölu og #metoo</p> <p>21 INGVI SNÆR EINARSSON
Framtíðarsýn á fjármálamarkaði</p> | <p>24 KATRÍN SMÁRI ÓLAFSDÓTTIR
Framtíðarmálstofa um 4. iðnbyltinguna</p> <p>27 Lagadagur að kvöldi</p> <p>28 VIÐTAL VIÐ BERGLIND SVAVARSDÓTTUR
Hver formaður hefur sína ásýnd</p> <p>33 ÁSLAUG BJÖRGVINSDÓTTIR
Áhrif nýrrar persónuverndarlöggjafar á lögmannsstofur</p> |
|--|---|--|

Lögmannafélag Íslands
 Álftamýri 9, 108 Reykjavík
 Netfang: lmfí@lmfí.is
 Heimasíða: www.lmfí.is

Ritsjóri og ábyrgðarmaður
 Eva Halldórsdóttir lögmaður.
 netfang: eva@laekjargata.is

Ritnefnd
 Björgvin Halldór Björnsson lögmaður
 Daníel Isebarn Ágústsson lögmaður
 Katrín Smári Ólafsdóttir lögmaður
 Víðir Smári Petersen lögmaður

Blaðamaður
 Eyrún Ingadóttir starfsmaður félagsdeildar

Stjórn LMFÍ
 Berglind Svavarsdóttir lögmaður, formaður
 Heiðrún Jónsdóttir lögmaður
 Ástráður Haraldsson
 Hjördís E. Harðardóttir lögmaður
 Stefán Andrew Svensson lögmaður

Varastjórn LMFÍ
 Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður
 Birna Hlín Káradóttir lögmaður
 Viðar Lúðvíksson lögmaður


Starfsmenn LMFÍ
 Ingimar Ingason framkvæmdastjóri
 Anna Lilja Hallgrímsdóttir lögfræðingur
 Eyrún Ingadóttir starfsmaður félagsdeildar
 Dóra Berglind Torfadóttir bókarari og ritari

Forsíðumynd
 Berglind Svavarsdóttir formaður
 Ljósmyndari: Eyrún Ingadóttir

PRENTVINNSLA
 Litlaprent ehf

UMSJÓN AUGLÝSINGA
 Öflun ehf
 Sími 530 0800





NJÓTTU TILVERUNNAR Á SIGLÓ

Láttu fara vel um þig og þína á Sigló Hótel.
Góður matur og drykkir, notalegt andrúmsloft, heitur pottur og gufa ásamt úrvali afþreyinga.

SIGLÓ  HÓTEL

Snorragötu 3 • 580 Siglufirði • 461-7730 • www.siglohotel.is

ÉG Á MITT SJÁLF

EVA HALLDÓRSDÓTTIR LÖGMAÐUR
RITSTJÓRI



Hinn 27. apríl 2016 skrifuðu forsetar Evrópuþingsins og -ráðsins undir nýja persónuverndarreglugerð 2016/679, sem í almennri umræðu hefur verið vísað til sem almenna persónuverndarreglugerðin eða „GDPR“ (e. General Data Protection Regulation). Reglugerðinni er í grunninn ætlað að samræma og styrkja persónuvernd í Evrópu, og færa rétt yfir persónuupplýsingum aftur til einstaklinganna frá fyrirtækjum sem hafa aflað þeirra. Þá er þar einnig að finna ákvæði um rétt einstaklinga til að gleymast, sem hefur verið nokkuð fyrirferðamikill í opinberri umræðu um reglugerðina.

Það hafa líklega flestir orðið þess varir þegar reglugerðin kom til framkvæmda hjá Evrópusambandinu 25. maí sl. með tilheyrandi umfjöllun í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum. Varla hefur farið framhjá neinum sem notar tölvupóst að innleiðingin vofði yfir þar sem pósthólf fylltust af tölvupóstum frá hinum ýmsu fyrirtækjum með upplýsingum um áhrif GDPR á skilmála, beiðnum um samþykki o.s.frv. Þá brugðu forsvarsmenn tiltekinna vefsíðna í Bandaríkjunum á það ráð að takmarka evrópska umferð um síðurnar eða einfaldlega loka á evrópska notendur vegna reglugerðarinnar þar til búið væri að greiða úr því hvernig mætti birta síðurnar evrópskum viðskiptavinum. Í kjölfar gildistökkunnar hafa fjölmiðlar síðan greint frá því að notendur vefsíða á borð við Facebook og Google hafi gert formlegar athugasemdir við starfsemi félaganna á innri markaði Evrópusambandsins sem kvartendur telja ekki vera í samræmi við hið nýja regluverk, m.a. með því að þeir hafi, að sögn, verið neyddir til að samþykkja uppfærða notendaskilmála. Í því hafi falist brot þar sem slíkt samþykki eigi að vera veitt með fúsum og frjálsum vilja.

GDPR hefur enn ekki verið innleidd í EES-samninginn, en samkvæmt fréttatilkynningu frá dómismálaráðuneytinu er þess vænst að það gerist á næstunni.

Dómismálaráðherra hefur svo lagt fram á Alþingi frumvarp til nýrra laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga sem byggð er á GDPR. Þegar þetta er ritað hefur frumvarpið ekki verið afgreitt, en ráðherra batt vonir við að það yrði afgreitt áður en Alþingi fer í sumarfrí.

Frumvarpið var upphaflega kynnt í mars síðastliðnum á svokallaðri samráðsgátt og sitt sýnist hverjum um það. Eftir því sem nær dró gildistöku GDPR í Evrópu vakti regluverkið og fyrirhuguð lagasetning meiri athygli og umræðu hér á landi. Þannig hefur það verið gagnrýnt að innleiðingu gerðarinnar hafi seinkað. Sú staða sé óneitanlega óheppileg fyrir þau fyrirtæki sem starfa að einhverju leyti við að afhenda eða móttaka persónuupplýsingar á innri markaði Evrópusambandsins þar sem þau þurfa nú, í einhverjum skilningi að minnsta kosti, að búa við tvöfalt kerfi um stund. Þá hafa athugasemdir verið gerðar við hvaða aðferð hefur verið beitt við innleiðinguna og ennfremur hefur því verið haldið fram að frumvarpshöfundar hafi gengið of langt í lagasetningunni og lengra en GDPR gerir ráð fyrir.

En hvað sem lagasetningunni og athugasemdum við hana líður virðist mega ganga út frá því að reglugerðin muni með einum eða öðrum hætti taka hér gildi innan skamms. Hið nýja regluverk mun hafa í för með sér umtalsverðar breytingar á starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja og stofnana sem vinna með persónuupplýsingar. Lögmannsstofur munu ekki fara varhluta af því og er sérstaklega fjallað um þessi áhrif löggjafarinnar á lögmannsstofur í hugvekju Áslaugar Björgvinsdóttur lögmanns sem finna má í blaðinu, en þar rekur hún hvað hafa þurfi í huga við kortlagningu og vinnslu persónuupplýsinga. Það er því ekki seinna vænna fyrir forsvarsmenn lögmannsstofa að kynna sér málið og setja sig í stellingar til að tryggja að stofurnar fullnægi þeim skyldum sem lögin kveða á um.



Er þitt fyrirtæki tilbúið fyrir nýja löggjöf um persónuvernd?

Þann 25. maí kom til framkvæmda hjá aðildarríkum ESB ný reglugerð um varðveislu persónuupplýsinga. Unnið er að upptöku reglugerðarinnar í EES-samninginn og gert ráð fyrir að Alþingi samþykki ný persónuverndarlög og þar með ljúki innleiðingu reglugerðarinnar fyrir haustið.

Reglugerðin kallar á breytt vinnubrögð hvað varðar söfnun, skráningu, vistun, miðlun og eyðingu persónuupplýsinga.

Samkvæmt reglugerðinni eru fyrirtæki og stofnanir ábyrgðaraðilar persónuupplýsinga sem þau hafa aflað í starfsemi sinni, bæði um starfsmenn og viðskiptavini. Þegar slíkum upplýsingum er fargað þarf að gera það með rekjanlegum hætti og þannig að uppfylli kröfur um öryggi gagnanna. Sé utanaðkomandi aðili fenginn til að eyða gögnunum telst hann vinnsluaðili gagna og þarf að uppfylla viðurkenndar kröfur um aðstöðu, verklag og trúnað.

Gagnaeyðing er AAA vottað af NAID, alþjóðlegum samtökum eyðingarfyrirtækja sem hafa sammælt um bestu aðferðir við eyðingu gagna.



Við vinnum eftir
vottuðu gæðakerfi

Bæjarflöt 7
112 Reykjavík

Sími: 568 9095
www.gagnaeyding.is



ÁSKORANIR FRAMTÍÐAR

BERGLIND SVAVARSDÓTTIR LÖGMAÐUR
FORMAÐUR



Það er áskorun og heiður að taka við stjórn Lögmannafélags Íslands og ég þakka félagsmönnum það traust sem mér er sýnt. Ég mun leggja mig alla fram um að vinna í þágu félagsins og félagsmanna allra og hlakka til að vinna með því góða fólki sem valdist til stjórnar- og trúnaðarstarfa í félaginu. Þá ber að þakka Reimari og fyrri stjórn fyrir þeirra vinnu og framlag til félagsins.

Nú er millidómsstigið loks orðið að veruleika og það er vel við hæfi að Landsréttur hafi tekið til starfa árið 2018, eða á 100 ára afmæli fullveldisins. Stofnun Landsréttar felur í sér mikla réttarbót en með honum er tryggð milliliðalaus sönnunarfærsla á tveimur dómsstigum. Þrátt fyrir þann styr sem hefur staðið um skipan dómara í réttinn þá er ljóst að réttinn skipa afar hæft fólk sem hefur margþætta og fjölbreytta reynslu að baki.

Með tilkomu hins nýja dómstigs er kjörið tækifæri til að gera nauðsynlegar breytingar á verklagi dómstólanna og koma málsmeðferð fyrir dómstólum í aðeins nútímalegra horf en verið hefur. Sú nýbreytni að númera allar málgreinar í dómum Landsréttar er til fyrirmyndar en með þeim hætti verður mun einfaldara að vísa til þeirra dóma í málflytningsskjölum eða munnlegum málflytningi og vonandi taka önnur dómstig upp sama fyrirkomulag. Það hefur hins vegar valdið vonbrigðum að réttarkerfið var ekki tæknivætt meira í kjölfar þessarar breytingar og tekur upp rafrænar lausnir í tengslum við fyrirtökur og framlagningu málgagna.

Í samfélaginu öllu eiga sér nú stað byltingakenndar breytingar á sviði nýsköpunar og tækni með tilkomu tækninýjunga á borð við gervigreind, háþrúð vélmenni,

dróna, skýjalausnir og sýndarveruleika. Öll þjónusta er orðin meira og minna rafræn og rótgrónar stofnanir eins og bankar og tryggingafélög eru að breytast í tæknifyrirtæki með aukinni sjálfvirknivæðingu og róbótatækni. Þá er fyrirsjáanlegt að kubbakeðjutækni (blockchain) verði notuð í æ meira mæli í þjónustu og viðskiptum, en með þeirri tækni er unnt að bjóða upp á rafræna og örugga sönnun á færslum í rauntíma. Það er því nauðsynlegt fyrir lögmenn og aðra þá sem starfa innan réttarkerfisins að tileinka sér nýja þekkingu og skilning þannig að unnt sé að nýta þau tækifæri og þá möguleika sem tæknin hefur í för með sér. Það verklag sem hefur viðgengist innan dómstólanna og í innbyrðis samskiptum lögmanna og dómstóla bendir ekki til að fjórða iðnbyltingin hafi náð inn í réttarkerfið. Það eru úrelt viðhorf að halda því fram að málskjöl geti einvörðungu verið á pappír og það er orðið verulega brýnt að rafvæða vinnslu dómsmála þannig að unnt sé að senda málgögn með rafrænum hætti og lögmenn og dómarmar geti unnið að þeim málum í gegnum rafræna gátt. Slíkar lausnir hafa verið lengi til umræðu án þess þó að komast til framkvæmda og svo virðist sem engra breytinga sé að vænta í bráð.

Er framtíðarsýnin ef til vill sú að lögmenn sendi róbóta lögmansstofunnar á sjálfkeyrandi bíl niður í héraðsdóm með frumrit kæru til að fá móttökustimpil á rauntíma eða í Landsrétt eða Hæstarétt til að afhenda fjögur eða sjö eintök málgagna?



1 SYSTEMS
One

1 SYSTEMS
OneRecords
Mála- og skjalakerfi

ÖFLUGT

mála- og skjalakerfi
sem hentar vel fyrir
LÖGMANNSSTOFUR

- » Heldur öfluga málaskrá - gott yfirlit.
- » Málaskrá, 'Mín mál' og tímamörk mála.
- » Mitt One: Síðustu skjöl sem ég hef lesið, breytt eða skráð.
- » 10 síðustu vistunarstaðir (mál) þar sem ég hef vistað skjöl.
- » Öflug leitarvél. - Leitar í innihaldi skjala, og viðhengjum.
- » Vista Outlook tölvupósta inn á mál.
- » Öflug samhæfing við Microsoft Office, Word, Excel og Outlook.
- » Hægt að flytja inn mörg skjöl í einni aðgerð inn á mál.
- » Hægt að flytja öll skjöl úr einni möppu inn á mál með einni aðgerð.



Meðal viðskiptamanna:

Logos lögmenn, Lex lögmenn,
Draupnir lögmenn, Jónatansson
lögmenn, Patice lögmenn



1 SYSTEMS
OneDrag'nDrop
Draga og sleppa

Draga tölvupóst yfir í
málakerfið á rétt mál með
einni aðgerð.
Draga skjöl á sameiginlega
drifnu yfir í málakerfið
með einni aðgerð.



OneHýsing: ISO vottað umhverfi.
Dagleg afritunartaka gagna. Vottað af KPMG.



Hægt að fá IPAD lesaðgang.
(spjaldröðvulesaðgangur að kerfinu)

One býður hagkvæmar lausnir
með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.

1 SYSTEMS
One

SJÁLFSTÆÐI LÖGMANNA OG EFTIRLIT MEÐ STÖRFUM ÞEIRRA

Aðalfundur LMFÍ var haldinn 25. maí síðastliðinn og var Berglind Svavarsdóttir lögmaður kosin formaður. Nýir í stjórn eru lögmenirnir Hjördís E. Harðardóttir og Stefán A. Svensson. Í tilefni aðalfundar var blásið til málþings undir yfirskriftinni „Sjálfstæði lögmannna og eftirlit með störfum þeirra“. Torben Jensen framkvæmdastjóri danska lögmannafélagsins hélt erindi ásamt þeim Reimari Péturssyni lögmanni og fráfarandi formanni, Valborgu Þ. Snævarr lögmanni, sem situr í úrskurðarnefnd lögmannna, og Kjartani Bjarna Björgvinssyni varaformanni DÍ.

Mikilvægt að eftirliti sé á vegum lögmannna sjálfra

Reimar Pétursson tók fyrstur til máls og sagði mörg dæmi þess að lögmennt hafi þurft að sæta árásum vegna starfa sinna. Hann sagðist vera uggandi yfir þróun mála hér á landi og var með þeim orðum að vísa til þess að dómismálaráðherra hefði brotið lög við skipun dómara í Landsrétt. Í tengslum við það mál hefði lögmaður tekið að sér að láta reyna á rétt skjólstæðings síns samkvæmt m.a. þeim réttindum sem tryggð eru í mannréttindasáttmála Evrópu, en þar segir að menn eigi rétt á því að dómara séu skipaðir í samræmi við lög. Reimar sagðist hafa rekist á umfjöllun frá aðstoðarmanni ráðherra þar sem hann lýsti málum eins og lögmaðurinn væri aðili máls, kenndi málareksturinn við auglýsingamennsku og ýjaði að því að á milli lögmannsins og RÚV væri óheilbriggt samband. Reimar sagði málarekstur þennan hefðbundið lögmannsverkefni og sérstaklega mikilvægt fyrir réttarkerfið. Þeir sem völdin hafi verða að tjá sig málefnalega, ekki kvarta undan lögmanninum og hengja þannig bakara fyrir smið: „Þetta minnir á mikilvægi þess að allt eftirlit með störfum lögmannna fari fram á vegum þeirra sjálfra og sé ekki komið fyrir í höndum valdhafa sem hafa ekki skilning á störfum lögmannna. Til að hafa betur í baráttunni þurfum við að

halda tiltrú almennings og skapa í störfum okkar traust og til að svo geti verið þarf eftirlit okkar sjálfra að vera faglegt og raunverulegt,“ sagði Reimar.

Eftirlit með dönskum lögmonnum

Torben Jensen fjallaði um eftirlitshlutverk danska lögmannafélagsins. Hann sagði helstu verkefni vera eftirlit með lögmonnum, þjálfun fyrir lögfræðinga sem vilja afla sér lögmannsréttinda, utanumhald síðanefndar og verndun réttarríkisins. Torben sagði félagið sinna handahófskenndu eftirliti sem virkar þannig að tölvubúnaður velur nokkrar lögmannsstofur á ári sem fá heimsókn frá félaginu. Starfsfólk félagsins skoðar starfsábyrgðartryggingar, verkferla varðandi hagsmunaaðreksstra, hvort að viðkomandi lögmennt hafi uppfyllt skilyrði um endurmenntun, hvernig upplýsingaskyldu til skjólstæðinga er sinnt o.fl. Ef félagið kemst á snoðir um einhverja misbresti þá er lögmannsstofunni gefin viðvörðun. Ef um alvarlega misbresti er að ræða þá er málinu vísað til síðanefndar. Torben sagði marga gagnrýna kerfið og telja að félagið ætti að nýta úrræði sín betur en að heimsækja lögmannsstofur þar sem allt er í góðu lagi. Út frá því spratt annað eftirlitskerfi, svokallað hættustýrt eftirlit, þar sem félagið pikkar



Torben Jensen.



Reimar Pétursson.



Valborg Þ. Snævarr.



Kjartan Bjarni Björgvinsson.

út lögmenn sem hafa t.d. ítrekað verið sektaðir, skila ekki fjárvörsluýfirlýsingu eða ef fjölmiðlaumfjöllun gefur tilefni til. Félagið getur kallað eftir upplýsingum frá lögmanningnum, samstarfsfólki, dómstólum eða heimsótt viðkomandi, kannað aðstæður og ef tilefni er til þá er kvartað undan lögmanningnum til siðanefndar. Torben fjallaði um framtíð eftirlitsins og sagði það þróast meira yfir í hættustýrt eftirlit og áherslu á tiltekin svið. Torben fjallaði að lokum um mikilvægi sjálfstæðis lögmanna og hversu stórt hlutverk sjálfstæðið spilar í réttarríkinu: „Sjálfstæðið virkar ekki ef lögmenn sjá ekki um eftirlit með störfum sínum sjálfir,“ sagði Torben.

Að gæta heiðurs stéttar

Valborg Þ. Snævarr sagði að góðir lögmennshættir, siðareglur og sá þétti rammi sem er utan um störf lögmanna stuðli að sjálfstæði stéttarinnar. Þeir sem leggja síðan mat á það hvort lögmenn fari eftir lögum og siðareglum í störfum sínum eru sjálfir lögmenn og skipa úrskurðarnefnd lögmanna. Nefndina skipa þrjú sjálfstætt starfandi lögmenn; einn frá Hæstarétti, einn frá LMFÍ og einn frá ráðherra. Valborg fjallaði um hvernig málum var háttað áður en lög nr. 77/1998 um lögmenn tóku gildi en þá hafði stjórn LMFÍ svipaðar heimildir og úrskurðarnefndin hefur í dag. Valborg fór yfir ræðu fyrrverandi formanns LMFÍ, Ragnars Aðalsteinssonar frá árinu 1995 sem sagði sjálfstæði lögmanna eiga undir högg að sækja, m.a. á Alþingi þar sem unnið væri að því að veikja sjálfstæðið með því að afnema dómvald stjórnar LMFÍ í tilteknum málum. Í sömu ræðu sagði hann að sjálfstæði dómstóla missti marks án sjálfstæðrar lögmennastéttar. Í frumvarpi til núgildandi lögmennalaga, sem lagt var fram á lögjafarþingi 1997-1998, var gert ráð fyrir að svipta lögmannafélagið eftirlits- og agahlutverki sínu og koma því fyrir hjá dómismálaráðherra sem skyldi skipa þriggja manna lögmennaráð. Stétt lögmanna stóð þétt saman og mótmælti efni frumvarpsins sem varð til þess að úrskurðarnefndin, eins og við þekkjum hana í

dag, var sett á laggirnar. Valborg sagði mikilvægt að skoða þetta í ljósi í sögunnar og að nú sé tryggt að meirihluti nefndarinnar séu lögmenn, þá er nefndin sjálfstæð og lítur hvorki stjórn LMFÍ eða dómismálaráðherra í störfum sínum. Valborg velti upp þeim spurningum hvernig aðrir en lögmenn geti haft forsendur til þess að leggja mat á eðlilega hegðun og framgöngu lögmanns í ákveðnum aðstæðum eða hvað er sanngjörn þóknun í tilteknu máli; „Þessu aga- og eftirlitshlutverki er best komið í höndum lögmanna og um það hljóta allir að vera sammála,“ sagði Valborg.

Að lokum fjallaði Valborg um þá nýlundu stjórnar LMFÍ að senda kvartanir til úrskurðarnefndar og að slík heimild sé nauðsynlegt svo stjórnin geti sinnt lögboðnu eftirlits- og agahlutverki sínu, það væri mikilvægur liður í því að gæta heiðurs stéttarinnar.



F.v. Þórunn Guðmundsdóttir og Berglind Svavarsdóttir. Berglind er einungis önnur konan til að gegna formennsku í LMFÍ en Þórunn var formaður árin 1995-1997.

Trúin á réttarkerfið

Kjartan Bjarni Björgvinsson tók síðastur til máls og sagði sjálfstæði lögmannna og eftirlit með þeim spanna vítt svið. Út frá því vakni spurningar um hlutverk lögmannna og ábyrgð þeirra. Í samfélaginu er lögmonnum trúað fyrir því að halda vörð um réttarríkið. Kjartan sagði að í réttarríki væri réttur fólks til aðgangs að dómstólum og réttlátrar málsmeðferðar ófrávikjanleg krafa. Rétturinn væri hins vegar ekki raunhæfur án sjálfstæðra lögmannna sem koma að málum óháð öðrum hagsmunum en skjólstæðinga sinna. Kjartan sagði það ekki vera hlutverk sitt að leggja mat á það hvernig eftirlit með störfum lögmannna ætti að vera, en það þyrfti að hafa í huga þau gildi sem lögmonnum er ætlað að vernda. Traust er mikilvægt og lögmonnum verður að vera treystandi til þess að rækja sitt hlutverk. Kjartan sagði traust ekki fengið á einu augabragði og það hlutskipti

að standa vörð um réttarríkið væri ekki alltaf auðvelt og skemmtilegt. „Það er áskorun að afla sér trausts og það þarf að hafa í huga að heiður og orðspor lögmannastéttarinnar endurspeglar ekki bara traust til lögmannna heldur líka trú á réttarkerfið,“ sagði Kjartan.

Fréttir af aðalfundi

Aðalfundur félagsins fór vel fram og var Reimari Péturssyni þakkað fyrir vel unnin störf í formannstíð sinni. Samþykkt var hækkun árgjalds í 70.000 krónur en upplýsingar um stjórn og nefndir er að finna á heimasíðu félagsins.

[Anna Lilja Hallgrímsdóttir](#)

MATBÓK OG MATSMANNA- NÁMSKEIÐ

Námskeið fyrir verðandi dómkvadda matsmenn var haldið í fyrsta skipti nú í maí í samstarfi við dómstólasýsluna og sátu það um 40 þátttakendur úr ýmsum greinum atvinnulífsins. Kennarar voru þeir Viðar Lúðvíksson lögmaður og Ragnar Ómarsson byggingafræðingur, formaður Matsmannafélags Íslands, en stefnt er að því að endurtaka námskeiðið í haust og halda það reglulega hér eftir.

„Matbókin – leiðbeiningar fyrir dómkvadda matsmenn“ er nýtt námsefni sem LMFÍ lét útbúa fyrir námskeiðið í samstarfi við dómstólasýsluna vegna námskeiðsins. Viðar Lúðvíksson var aðalhöfundur en aðstoðarmenn dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur tóku saman gagnlega hæstaréttardóma og reifudu stuttlega ásamt því að Eggert Óskarsson fv. dómari tók saman lagareglur. Þess má geta að Matbókin er til sölu á skrifstofu LMFÍ.

EI



Námskeiðið stóð í sex klukkustundir og var skipt á tvo daga. Fyrri daginn var farið yfir lögfræðina sem matsmenn þurfa að kunna skil á en seinni daginn var farið yfir matsfundir og matsgerðina sjálfa. Í lokin fóru þátttakendur í Héraðsdóm Reykjavíkur þar sem Kristrún Kristinsdóttir héraðsdómari (t.h.) og Lilja Rún Sigurðardóttir aðstoðarmaður dómara (t.v.) sýndu verðandi matsmönnum húsakynni og svöruðu spurningum.



F.v. Páll Hreinsson, Hafdís Ólafsdóttir, Hildur Eva Sigurðardóttir, Víðir Smári Petersen, Gunnar Helgi Kristinsson, Bergþóra Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Páll Þórhallsson.

GÆÐI LAGASETNINGAR

SAMHLJÓMUR

UM AÐ VANDA TIL VERKA

Á málstofu um gæði lagasetningar að morgni Lagadagsins 2018 var meðal annars fjallað um hugtakið „vönduð löggjöf“ og hvort hægt sé að nota mælikvarða á löggjöf til að fylgjast með því hvort gæðastarf innan ráðuneyta og á Alþingi beri árangur. Framsögumenn voru Hafdís Ólafsdóttir skrifstofustjóri á skrifstofu löggjafarmála í forsætisráðuneytinu og aðjúnkt við lagadeild Háskóla Íslands, Hildur Eva Sigurðardóttir forstöðumaður nefndasviðs Alþingis, Páll Hreinsson forseti EFTA-dómstólsins og Víðir Smári Petersen lögmaður hjá LEX lögmannsstofu og aðjúnkt við Háskóla Íslands. Í panil sátu Bergþóra Halldórsdóttir lögfræðingur hjá Samtökum atvinnulífsins, Gunnar Helgi Kristinsson stjórn málafræðingur og prófessor við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands og Steingrímur J. Sigfússon forseti Alþingis. Málstofustjóri var Páll Þórhallsson skrifstofustjóri skrifstofu löggjafarmála í forsætisráðuneytinu.

Áskoranir og umbætur

Hafdís Ólafsdóttir fjallaði um að þróun seinni ára hafi verið í þá áttina að meiri kröfur séu gerðar til lagasetningar. Samþykkt ríkisstjórnarinnar frá mars 2017 kveði m.a. á um samráð og að fyrirfram sé hugað að áformum um lagasetningu og frummat á áhrifum. Samráðsgátt stjórnarráðsins hafi auk þess verið opnuð í febrúar 2018. Gagnrýnt hafi verið að ekki nægilega mörg frumvörp séu lögð fram á tilsettum tíma miðað við þingmálaskrá og því hafi verið slegið

fram að mistök við lagasetningu væru alltof algeng. Hvað varðar úrbætur telur Hafdís í fyrsta lagi mikilvægt að við gerð þingmálaskrár sé fjöldi mála miðaður við afkastagetu þingsins. Einnig sé mikilvægt að huga vel að því, þegar um umfangsmiklar breytingar er að ræða, hvort semja eigi ný heildarlög í stað viðamikilla breytingarlaga þar sem þau séu oft á tíðum snúin og þá sé meiri hætt á að mistök verði gerð. Jafnframt vísaði hún til þess að fjallað hafi verið um það í EFTA-dómstólnum að þær lagabreytingar sem snúa að innleiðingu EES-gerða eigi að jafnaði aðeins að geyma þá EES-skuldbindingu sem stefnt sé að en ekki önnur efnislega óskyld atriði. Mikilvægt sé einnig að samræma reglugerðarheimildir og uppfæra reglugerðir eins og lög og breyta framsetningu og einfalda gerð breytingar- og safnlaga, sem og breytingartillagna. Það að númera málsgreinar líkt og gert sé í Danmörku t.d. muni líka einfalda og vanda lagasetningu.

Þingleg meðferð lagafrumvarpa

Hildur Eva Sigurðardóttir lýsti þeirri vinnu sem snýr að þinginu við gerð lagafrumvarpa. Þingleg meðferð frumvarpa sé veigamikill þáttur í löggjafarstarfi og þar fari fram mikil rýni og yfirferð. Það endurspeglar í því að hér á landi séu fleiri breytingartillögur samþykktar en í nágrannalöndunum. Benti hún á að ein ástæðan fyrir þessu gæti verið að samráð við samningu frumvarps hafi ekki verið nægjanlegt og þá þurfi samráðið að fara fram í þinginu. Með hliðsjón af þessu sagðist hún fagna samráðsgátt Stjórnarráðsins.

Hún telur að huga þurfi að betri undirbúningi ef tryggja á gæði lagasetningar. Samráð þurfi jafnframt að fara af stað fyrr í ferlinu sem stuðli þannig að færri breytingartillögum.



Hún tók einnig undir með Hafdísi að innleiðingarfrumvörp eigi að vera hrein en ekki með öðrum efnislega óskyldum breytingum. Hildur sagði óhjákvæmilegt að það kæmi endrum og eins upp mistök við lagasetningu. Við yrðum þó ætíð að reyna að gera betur.

Innleiðing hugtaka úr EES tilskipunum

Páll Hreinsson ræddi um að afmarkað vandamál sem snýr að innleiðingu hugtaka reglugerða og tilskipana EES sé sífellt að skjóta upp kollinum. Þegar ekki sé vísað sérstaklega til hugtaka landsréttar í EES-reglu, sem innleidd hefur verið í íslenskan rétt, hafi það jafnan verið gert á þeirri forsendu að túlka bæri hugtakið með sjálfstæðri og samræmdri skýringu að EES-rétti. Þegar EES-reglugerð væri innleidd í íslenskan rétt skv. a-lið 7. gr. EES-samningsins ætti þó að taka hana upp óbreytta á því formi sem sameiginlega EES-nefndin hafi gengið frá henni og þar með hugtök og skilgreiningar þeirra. Þegar EES-tilskipun sé hins vegar innleidd í íslenskan rétt skv. b-lið 7. gr. EES-samningsins hefði íslenska ríkið val um form og aðferð við framkvæmd innleiðingarinnar.

Páll áréttaði að við innleiðingu EES-tilskipunar sé farsælast að taka þau hugtök sem þar séu notuð svo og skilgreiningar þeirra orðrétt, enda sé vandað vel til við þýðingu þeirra á íslensku. Þá þurfi að huga að því að íslensk heiti hugtaka séu gagnsæ og í samræmi við íslenska tungu. Framkvæmdin sé þó ekki alltaf þannig og annmarkar við innleiðingu tilskipana kæmu einkum fram með þrenns konar hætti. Það geti komið til þess að skilgreiningar hugtaka hafi ekki verið teknar upp í íslenskan rétt, tilteknum efnisþáttum skilgreininga sé sleppt þegar hugtök eru innleidd með sérstakri skilgreiningu eða að annað efnisatriði komi fram

í skilgreiningu hugtaks þegar miðað er við gildandi hugtak EES-tilskipunar.

Páll lagði að lokum áherslu á mikilvægi þess að taka upp hugtök og skilgreiningar EES-tilskipana orðrétt. Með öðru móti náist ekki að túlka þau með sjálfstæðri og samræmdri skýringu að EES-rétti sbr. 3. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið og tryggja þannig samræmda framkvæmd reglnanna.

Lög og áhrif þeirra á háttsemi

Víðir Smári Petersen ræddi notkun hagfræði og atferlisfræði við mat á áhrifum laga. Sterkasta tæki hagfræðinnar sé kostnaðarábatagreining en með henni sé hægt að setja kerfisbundið „verðmiða“ á kosti og galla. Mat á áhrifum stjórnarfrumvarpa sbr. 66. gr. laga um opinber fjármál sé orðið ítarlegra nú en áður en þó mætti nota hagfræðina í meira mæli við matið. Megintilgangur þess að nota hagfræðileg tæki við lagasetningu sé að greina áhrif lagasetningar á háttsemi fólks. Nefndi hann sem dæmi að ef meta ætti hvort skipta ætti sakarreglunni út fyrir hlutlæga ábyrgð drægjum við sjálfsagt þá ályktun að með hlutlægri ábyrgð yrði frekar gætt varkárni. Það hafi hagfræðin hins vegar sýnt fram á að sé rangt. Varkárnisstigið haldist eins en aðilar sem verði ábyrgir eftir hlutlægri ábyrgðarreglu dragi heldur úr háttsemi sinni.

Því næst vék hann að atferlisréttarhagfræði sem snýr að rannsóknum á hegðun neytenda og almennings við tiltekna aðstæður. Sagði hann mun á því hverju klassísk hagfræði gengi út frá og því sem empirískar rannsóknir sýndu fram á. Klassíska hagfræðin gengi þannig út frá því að fólk hugsi rökrétt en empirískar rannsóknir sýndi fram á að fólk sé með takmarkaða rökhusun. Takmörkuð rökhusun sé markaðsbrestur og þar af leiðandi þurfi jafnvel að beita óhefðbundnum aðferðum við lagasetningu. Oft sé hægt að leiðrétta markaðsbrestinn með upplýsingum en þær megi þó ekki vera of ítarlegar samkvæmt atferlisréttarhagfræðinni þar sem hætt sé við því að fólk afvegaleiðist. Því sé best að veita takmarkaðar upplýsingar á aðgengilegu formi. Að lokum vakti hann athygli á Nudge nálguninni og að í Bretlandi hafi verið starfandi Nudge Unit frá árinu 2010 sem notar atferlisfræði við lagasetningu.

Pallborðsumræður

Steingrímur J. Sigfússon tók fyrstur til máls og sagði skipta miklu máli að fara rétt af stað við lagasetningu. Undirbúningur skuli vera faglegur og vandaður og stefnt sé að ákveðnu markmiði. Huga verði að því hvort eigi

að fara í heildarendurskoðun laga í stað þess að fara í viðamiklar breytingar. Hann kvað okkur standa veikara að vígi hvað varðar undirbúningsvinnu vegna frumvarpa en nágrannalönd okkar en tilkoma samráðsgáttarinnar sé mikil bót og við séum því á réttri leið. Til stæði að efla nefndarsvið Alþingis með því að ráða þrjá nýja sérfræðinga og mikilvægt væri að dreifa málum yfir þingtímamann. Í umræðunni hafi einnig verið að breyta því að þingmál þurfi að flytja að nýju hvert haust.

Bergþóra Halldórsdóttir taldi mikilvægt að taka umræðuna um mistök við lagasetningu og það hversu þröngar skorður smæðin setur okkur. Við þyrftum að vera meðvitund um afleiðingar þess að ein og sama manneskjan sinni mörgum málaflökkum líkt og tíðkist víða hér á landi. Hún fagnaði því þó að það væri markviss vilji til að gera betur en lagði áherslu á mikilvægi þess að samráð hefist snemma í ferlinu.

Gunnar Helgi Kristinsson sagði að meginþungi opinberrar stefnumótunar ætti að liggja hjá Stjórnarráðinu þar sem þekkingin væri. Þegar mál komi til þingsins þurfi hins vegar að vera búin að ræða við hagsmunaaðila, rannsaka málið og ljúka samráði. Nefndi hann að 20% stjórnarfrumvarpa sé að meðaltali breytt í þinginu hér en 5% í Danmörku og 2% í Noregi. Vandinn við þessar tíðu breytingar sé m.a. sá að það vanti greinargerðina og það geti gert túlkun laganna vandasama.

Að lokum

Tilgangur þessarar málstofu var að skapa umræður um þær áskoranir og umbætur sem huga þarf að við gerð lagasetningar og gott var að sjá hversu margir láta sig málefnið varða. Erindi framsögumanna voru vönduð og áhugaverð og pallborðsumræðurnar fróðlegar og beinskýttar. Þó nokkrar fyrirspurnir bárust úr sal í lok málstofu og sköpuðust við það líflegar umræður sem Páll Þórhallsson stjórnaði af röggsemi. Ljóst er að samhljómur er um það að gera megi betur til að tryggja gæði lagasetningar. Efla þurfi undirbúning og samráð við gerð lagafrumvarpa ásamt því að huga að því að hafa undirbúningsvinnuna þverfaglega. Samráðsgátt Stjórnarráðsins ber vott um að við séum á réttri leið en vel má vanda það sem lengi skal standa.

[Elisabet Anna Jónsdóttir, lögfræðingur.](#)



F.v. Ásgerður Ragnarsdóttir, Viðar Lúðvíksson, Ragnar Ómarsson og Ásmundur Helgason.

MATSGERÐIR OG SAKAMÁL

Einni málstofu lagadags var skipt í tvennt þar sem annars vegar var rætt um málsforræði versus málshraða og hins vegar voru rökstólar um rannsókn sakamála í stafrænum heimi.

Matsgerðir sem sönnunargögn

Á fyrri málstofunni, sem var stýrt af Ásgerði Ragnarsdóttur héraðsdómara, var rætt um matsgerðir sem sönnunargögn og takmarkanir á heimild til að fresta máli með hliðsjón af nýlegri dómaframkvæmd Hæstaréttar. Frummælendur voru Viðar Lúðvíksson lögmaður hjá Landslögum, Ragnar Ómarsson byggingafræðingur og formaður Matsmannafélags Íslands og Ásmundur Helgason dómari við Landsrétt.

Matsgerðir eru grundvallarsönnunargögn í mörgum málum en nýverið hafa komið upp dæmi þar sem mál hafa dregist svo árum skipti þar sem vinna við matsgerðir hefur gengið hægt eða erfitt hefur verið að afla gagna. Þarna vegast á meginreglan um að hraða skuli málsmeðferð annars vegar og um málsforræði aðila hins vegar.

Viðar Lúðvíksson sagði frá því að hann hefði verið lögmaður matsbeiðenda í málum Hæstaréttar nr. 625/2017,

627/2017 og 628/2017, sem eru efnislega samhljóða, en þar felldi Hæstiréttur úr gildi úrskurði héraðsdóms um fresti í yfirgripsmiklum málum til að matsbeiðendur gætu lagt fram beiðni um afhendingu gagna vegna matsgerðar. Sagði rétturinn að skýra yrði 2. mgr. 102. gr. 1. nr. 91/1991 um heimild dómara til að veita aðilum frest til að afla gagna, sem ekki hefði verið nægur tími til áður, með hliðsjón af meginreglu um hraða málsmeðferð og 70. gr. stjórnarskrárinnar. Matsbeiðendur hefðu allt frá fyrstu stígum gert sér grein fyrir því að líkur stæðu til þess að þeir myndu þurfa að dómkveðja matsmann en beiðni þar um hafi engu að síður ekki lögð fram fyrr en um einu og hálfu ári eftir þingfestingu málsins. Hæstiréttur rakti einnig framgang matsvinnu og að á þriggja ára tímabili hefðu matsmennirnir ekki hafið vinnu við samningu matsgerða fyrr en á síðustu tveimur mánuðum tímabilsins og að sú vinna sneri aðeins að tiltölulega litlum hluta málanna auk þess sem þeir teldu sér illfært að gera áætlun um hvenær mætti ljúka matinu. Hefði þeim þannig gefist nægilegur

frestur til matsgerðar og hafna yrði kröfum þeirra um frekari frestun málanna. Freistuðu matsbeiðendur þá þess að leggja fram yfirmatsbeiðni en Hæstiréttur staðfesti synjun héraðsdóms þar um, m.a. á þeirri forsendu að þær fyrirsjáanlegu tafir sem yrðu á meðferð málsins vegna framkvæmdar yfirmats væru úr hófi að teknu tilliti til meginreglunnar um hraða málsmeðferð og rétt annarra aðila samkvæmt 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar.

Taldi Viðar að ekki ætti að leggja aðilum til lasts að nota þau úrræði sem löggjöfin býður upp á og benti á að drátt á því að matsbeiðni yrði lögð fram og að matsvinna tefðist ætti ekki að rekja til matsbeiðenda. Gagnrýndi hann þó einkum dóma Hæstaréttar fyrir skort á fyrirsjáanleika. Máli sínu til stuðnings benti hann á dæmi úr dómaframkvæmd þar sem Hæstiréttur lét átölulaust að matsvinna tók fleiri ár heldur en raunin var í þeim málum sem Viðar vísaði til. Nauðsynlegt væri að festa ríkti hér um og fyrirsjáanleiki þannig að lögmenn gætu ráðlagt umbjóðendum sínum.

Ragnar Ómarsson fjallaði um ástæður þess að matsvinna tefjist og að í sumum tilvikum sé lögmönnum eða aðilum um að kenna. Þekkti hann dæmi þess að lögmenn hefðu ekki tilkynnt matsmanni um að hann hefði verið dómkvaddur fyrr en allt að átta mánuðum eftir skipun. Oft væri erfitt að finna tíma fyrir matsfund sem hentaði lögmönnum og aðilum, það tæki tíma að afla gagna og tilkynna aðilum um framkomin gögn sem vildu stundum í framhaldinu bera þau undir sérfræðinga. Þá geti greiðsla fyrir matsgerðir dregist en dæmi séu um að hún hafi dregist um nokkur ár. Ekki mætti svo gleyma því að matsvinna er almennt aukastarf svo að matsmenn hafa ekki sömu möguleika og lögmenn að nota allan sinn tíma í matið sjálf. Að lokum taldi hann til bóta ef tilgreint væri í skipun hvenær mati skyldi lokið en kveðið sé á um það í lögum nr. 91/1991. Ásmundur Helgason sagði það meginreglu að aðilar hafi rúman rétt til að afla gagna en dómáramur beiti hagsmunamati á áðurnefndum tveimur meginreglum réttarfars. Því seinna sem matsbeiðni kemur fram því meiri kröfur séu gerðar til þess að drátturinn sé réttlætanager. Þá skipti máli hvernig matsbeiðandi hefur haldið á málinu, hvort málarekstur hans hafi verið afdráttarlaus, og hversu tímaflek matsvinna fyrirsjáanlega verður. Að lokum skipti máli hver sé staðan á rekstri dómsmálsins.

Þegar fundarstjóri opnaði fyrir fyrirspurnir úr sal steig Skúli Magnússon héraðsdómari í púltið og sagði að málið væri ekki jafn flókið og framsögumenn vildu meina. Aðilar færu með málsforræði en ekki forræði á

tímalengd enda sé það hlutverk dómárans að passa upp á tímalengdina.

Sakamál í stafrænum heimi

Sigríður Hjaltested héraðsdómari stýrði rökstólum um rannsókn sakamála í stafrænum heimi. Þátttakendur voru Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður. Í upphafi var rætt um skilgreiningu stafrænna brota, hvort þau væru ný eða eingöngu ný birtingarmynd brota. Sem dæmi var tekið að maður sem „flassar“ á Laugavegi gerist sekur um sama brot og maður sem sendir typpamyndir af sér. Oft sé þannig um sömu brot að ræða en aðrar verknaðaraðferðir, sbr. einnig dóm Hæstaréttar í máli nr. 441/2016 þar sem ákærði var sakfelldur fyrir tilraun til nauðgunar þrátt fyrir að hafa aldrei hitt brotaþola en hann reyndi að þvinga hann til samræðis með hótunum um að dreifa nektarmyndum sem hann hafði komist yfir með samskiptum við brotaþola í gegnum Snapchat undir fölsku nafni. Þátttakendur voru sammála um að ákvæði hegningarlaga ættu að geta staðist tímans tönn og lifa af þróun tækninnar. Þá voru þau Kolbrún og Vilhjálmur sammála um að breyta þurfi ærumeiðingakafila hegningarlaga, enda sé vinna hafin þar að lútandi, og að viðhorfsbreyting hafi orðið hjá lögreglu í garð tölvubrota sem ýti þeim ekki frá líkt og hún gerði áður. Rætt var um nútímataekni og hversu langt rannsakendur mættu ganga hvað þvingunarúrræði varðar. Voru þátttakendur sammála um að úrskurð þyrfti til að skoða innihald síma sem hafi verið haldlagður og að unnt væri að krefja sakborning um að opna síma með fingrafari sínu eða andliti, bjóði síminn upp á slíkt, liggi fyrir úrskurður um leit. Upp hafa samt komið tilvik þar sem tölvur sakborninga hafi verð svo vel læstar að tæknideild lögreglu hafi ekki getað opnað þær og þurft að láta þær við sitja.

Að lokum var lítillaga rætt um nýjar aðferðir við rannsókn sakamála. Annars vegar persónugreiningu (e. profiling) og hins vegar gervigreind en til eru forrit sem t.d. meta hversu miklar líkur eru á að ákærði brjóti af sér aftur. Forritið sé notað af dómstólum einhverra ríkja Bandaríkjanna við ákvörðun refsingar en því meiri líkur sem forritið telur á að ákærð brjóti af sér aftur því harðari er refsingin. Voru þátttakendur á einu máli um að slíkt forrit væri ekki til bóta. Létt var yfir rökstólunum og var orð manna að þessir fulltrúar andstæðra póla sakamálaréttarfarsins væru óvenju sammála.

Auður Björg Jónsdóttir lögmaður



F.v. Benedikt Bogason, Björg Thorarensen, Ragnhildur Helgadóttir, Reimar Pétursson og Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

HLUTVERK ALÞINGIS VIÐ SKIPUN DÓMARA

Í einni af málstofunum lagadags var fjallað um fyrirkomulag varðandi skipun dómara hér á landi og aðkomu framkvæmdarvaldsins og Alþingis að slíkri skipun. Framsögumenn voru prófessorarnir Björg Thorarensen og Ragnhildur Helgadóttir og í panil sátu Ingibjörg Þorsteinsdóttir formaður Dómarafélags Íslands og Reimar Pétursson þáverandi formaður Lögmannafélags Íslands. Málstofustjóri var Benedikt Bogason hæstaréttardómari.

Hlutlæg sjónarmið

Ragnhildur Helgadóttir tók fyrst til máls og fjallaði um þýðingu reglna um skipun dómara, alþjóðlegar reglur eða viðmið um skipun dómara og hvernig þær reglur eða viðmið horfa við því kerfi sem er við lýði hér á landi. Fjallaði hún í því sambandi m.a. um 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins frá 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda. Vísaði hún til þeirrar reglu í tilmælunum að skipun dómara eigi að

byggja á hlutlægum sjónarmiðum og verðleikum og að í þeim löndum þar sem gert væri ráð fyrir að dómarar væru skipaðir af ríkisstjórn eða einstökum ráðherrum bæri að tryggja að tilhögun skipunarferlisins væri gagnsæ og óháð í framkvæmd. Þá fjallaði Ragnhildur um fyrirmæli um skipun dómara í Sáttmála dómenda í Evrópu frá júlí 1998 þar sem mælt er fyrir um að sérstöku stjórnvaldi, sem sé óháð handhöfum framkvæmdar- og löggjafarvalds, skuli falið að taka ákvarðanir um skipun dómara. Að síðustu

kvað Ragnhildur þörf á að bæta gagnsæi við skipun dómara, einkum varðandi störf dómnefndar sem er falið að meta hæfi umsækjenda um dómarastöður.

Aðkoma Alþingis neyðarhemill

Björg Thorarensen tók næst til máls og fjallaði um aðkomu Alþingis að skipun dómara hér á landi. Björg benti m.a. á að nefnd sú sem fékk það hlutverk að gera tillögur að nýju fyrirkomulagi við skipun dómara árið 2010 hafi lagt til að aðkoma Alþingis ætti að verka sem eins konar neyðarhemill og ef mál færu í þann farveg þyrfti samþykki aukins meirihluta þingmanna. Þetta hefði þó ekki ratað inn í löggjöfina þar sem aðeins væri gert ráð fyrir einföldum meirihluta. Björg vék jafnframt að því að hún teldi fyrirkomulagið hér á landi andstætt þeim kröfum sem gerðar væru til sjálfstæðis dómara í lýðræðisríkjum, sem væri og ein forsenda réttlátrar málsmeðferðar. Að síðustu lýsti Björg þeirri afstöðu sinni að aðkoma þingsins að skipun dómara væri vanhugsuð. Í þessu samhengi greindi hún frá því að skipun dómara væri stjórnarathöfn samkvæmt 13. og 14. gr. stjórnarskrárinnar. Í því fælist að ábyrgð ráðherra á skipun dómara væri stjórnarskrárbundin. Ábyrgð ráðherra væri þó gerð innihaldslaus með þessu fyrirkomulagi sem Björg taldi andstætt 2. gr. stjórnarskrárinnar, sem væri falið að tryggja að uppfyllt væru fyrirmæli 70. gr. stjórnarskrárinnar um réttláta málsmeðferð. Vakti Björg máls á því að skipun í dómarastöður hér á landi hefði ítrekað valdið deilum í þjóðfélaginu sem væru til þess fallnar að draga úr trausti almennings á dómstólum. Hún benti á að það væri nær óþekkt vandamál á öðrum Norðurlöndum. Hún taldi lítið stöða að endurskoða reglur um þetta efni á nýjan leik ef pólitískir valdahaifar vantreystu sífellt þeim sem væri falið að meta hæfi umsækjenda um dómarastöður hverju sinni.

Dómaraskipun má ekki vera pólitísk skiptimynt

Þátttakendur í panil tóku að mestu undir með framsögumönnum og lýsti Reimar Pétursson yfir miklum áhyggjum af þeirri stöðu sem nú væri uppi. Ingibjörg Þorsteinsdóttir ræddi um lagaumgjörðina á Norðurlöndum og taldi að vandi okkar varðandi skipun dómara ætti fremur rætur í framkvæmd heldur en lagaumhverfi. Í kjölfarið sköpuðust talsverðar umræður þar sem áheyrendur ýmist spurðu spurninga eða komu á framfæri sínum sjónarmiðum. Í dæmaskyni má nefna að einn nefndarmaður í dómnefndinni, sem hafði það hlutverk að gera tillögu að skipun dómara við Landsrétt, lýsti þeirri skoðun sinni að huga þyrfti betur að sjónarmiðum úr mannaúdsstjórnun við vinnu nefndarinnar. Vékk nefndarmaðurinn einnig að því að tilgangurinn með því að gera tillögu að 15 dómara-

efnum um 15 dómaraembætti við Landsrétt hefði í raun verið að létta ráðherraum lífið. Þá tók einn þingmaður til máls og taldi að krafa um aukinn meirihluta á Alþingi við dómaraskipun væri ekki endilega góð hugmynd þar sem þingmönnum gæti dottið í hug að nýta sér þetta sem pólitíska skiptimynt fyrir önnur mál. Framsögumenn og þátttakendur í panil svöruðu jafnframt spurningum og ábendingum áheyrenda og kom m.a. fram í svörum Reimars að hann teldi að það fyrirkomulag væri ákjósanlegast að nefndarálitnið yrði bindandi nema það væri beinlínis í andstöðu við lög.

Ritnefnd

juris

Borgartúni 26
105 Reykjavík
580 4400
www.juris.is



Andri Árnason, hrl.
Edda Andradóttir, hrl., LL.M.
Finnur Magnússon, hrl., LL.M.
Halldór Jónsson, hrl.
Lárus L. Blöndal, hrl.
Sigurbjörn Magnússon, hrl.
Simon David Knight, solicitor
Stefán A. Svansson, hrl., LL.M.
Vífill Harðarson, hrl., LL.M.



F.v. Eggert Páll Ólason og Svala Ísfeld Ólafsdóttir.

AF PERSÓNUVERND, STARFSUMHVERFI, FJÖLMIÐLUM, ORKUSÖLU OG #METOO

Eggert Páll Ólason lögmaður hjá Íslensku lögfræðistofunni stjórnaði örmálstofum þar sem fjallað var um fimm óskyld og afar spennandi efni.

Persónuverndarfulltrúi - hlutverk og ábyrgð

Ragna Pálsdóttir persónuverndarfulltrúi Íslandsbanka steig fyrst í pontu og fjallaði um hlutverk og ábyrgð persónuverndarfulltrúa. Opinberum aðilum væri skylt að skipa persónuverndarfulltrúa sem og einkaaðilum að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Ragna fór yfir hvað þarf að hafa í huga þegar fulltrúi er tilnefndur en hann þarf að búa yfir sérþekkingu á persónuverndarlögum ásamt getu til þess að framkvæma þau verkefni sem GDPR (nýja persónuverndarreglugerðin) mælir fyrir um. Fulltrúinn er annað hvort starfsmaður

eða verktaki og verður að meta hvort er æskilegra hverju sinni. Ákveðnar leiðbeiningareglur má styðjast við, m.a. að fulltrúi sem jafnframt er starfsmaður hefur meiri innsýn í starfsemi fyrirtækis/stofnunar og slíkt fyrirkomulag er oft æskilegra þegar um er að ræða stærri einingu. Ef fulltrúinn er verktaki þá er oft um hlutastarf að ræða sem er hagkvæmara fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki/stofnanir. Ragna sagði mikilvægt að fulltrúinn væri sjálfstæður í störfum og hefði nauðsynlegar auðlindir og úrræði til að sinna sínum verkefnum. Hans helstu verkefni væru leiðbeiningar-, ráðgjafar-, fræðslu- og eftirlitshlutverk. Eins væri honum heimilt að sinna óskyldum verkefnum

svo lengi sem þau leiddu ekki til hagsmunaárekstra. Að endingu fjallaði Ragna um að fulltrúinn yrði ekki gerður persónulega ábyrgur ef ákvæðum laganna væri ekki framfylgt. GDPR mælir hins vegar fyrir um refsíabyrgð vegna brota á þagnarskyldu.

Fjölskylduábyrgð í starfsumhverfi lögmanna

Grímur Sigurðsson lögmaður hjá Landslögum tók næstur til máls og fjallaði um fjölskylduábyrgð í starfsumhverfi lögmanna. Árið 2015 var hann ásamt tveimur öðrum skipaður í starfshóp sem fékk það hlutverk að skrifa skýrslu og svara því hvort og hvernig fjölskylduábyrgð hafi áhrif á gæði starfa lögmanna, hvort unnt væri að minnka neikvæð áhrif og hvort erlend lögmanna- og lögfræðingafélög hafi markað sér stefnu í þessum efnum.

Grímur fór yfir helstu niðurstöður og sagði konur almennt verja meiri tíma í umönnun barna og heimilisstörf ásamt því að taka lengra fæðingarorlof. Grímur sagði engar rannsóknir hafa verið gerðar sérstaklega um lögmenn og fjölskylduábyrgð en það mætti ætla að staðan væri ekki betri þar, frekar að hún væri ójafnari vegna þess að lögmannastéttin er karlastétt. Konur eiga erfðara með að verða eigendur, eru t.d. einungis 20% sjálfstætt starfandi lögmanna, og Grímur velti því upp hvort fjölskylduábyrgðin væri orsök. Grímur fjallaði um rekstur dómsmála og hvernig reglur um lögmat forföll, fresti og gagnaskil hafa áhrif á starfsumhverfið. Í héraði gengi þetta vel en Hæstiréttur væri ósveigjanlegri.

Grímur dró að lokum saman ályktanir vinnuhópsins sem voru fyrst og fremst að vinnuálagið er of mikið, helmingur fulltrúa getur ekki sinnt fjölskylduábyrgð með góðu móti, starfsumhverfið er ósveigjanlegt og það er ákveðinn kynjahalli. Þetta leiðir af sér atgervisflóttu og litla fjölbreytni innan stéttarinnar. Niðurstöður starfshópsins eru í samræmi við niðurstöður svipaðra kannanna á hinum Norðurlöndunum, en þar hafa ýmsar leiðir verið útfærðar til þess að bregðast við, s.s. stuðningur eftir fæðingarorlof, námskeið, hvatningarverðlaun, sveigjanlegri vinnutími og hlutastörf.

Dómstólar og fjölmiðlar

Skúli Magnússon héraðsdómari og Elva Ýr Gylfadóttir framkvæmdastjóri Fjölmiðlanefndar ræddu um samspil dómstóla og fjölmiðla.

Skúli velti upp þeirri spurningu hvort dómáramar hefðu skilning á hlutverki fjölmiðla. Skúli sagði afstöðu dómstóla

til fjölmiðla oft vera neikvæða og að þeim þætti fjölmiðlar oft þvælast fyrir meðferð mála. Fjölmiðlar hafi oft litla sem enga þekkingu á dómsmálum og því verði fréttaflutningur oft ónákvæmur eða rangur. Fjölmiðlar upplifa þetta oft illa og ákveðið gagnkvæmt vantraust ríkir á milli þeirra og dómstóla. Skúli velti því upp hvort slagsíða á ímynd íslenskra dómstóla kæmi til vegna lélegs sambands þeirra við fjölmiðla. Þó svo kunnir að virðast við fyrstu sýn þá hafa dómáramar fjallað um þetta og látið í ljós þau viðhorf að þeir eigi að tryggja frelsi fjölmiðla og sjá almenningi fyrir upplýsingum til þess að tryggja gagnsæi. Að lokum fjallaði Skúli um nokkrar leiðir til úrbóta, sem væru m.a. birting dóma, aukin upplýsingamiðlun, betra aðgengi, fræðsla og aukið samband milli dómara og fjölmiðla.

Elfa sagði fjölmiðla vera vettvang frétta og samfélagslegrar umræðu. Hins vegar væri ákveðinn munur á faglegum fjölmiðlum og samfélagsmiðlum, þó báðir miðlar væru mikilvægir til þess að upplýsa almenning og til þess að hafa áhrif á viðhorf og umræðu í flóknum og/eða umdeildum dómsmálum. Elfa sagði samfélagsmiðla sífellt fá meira vægi og að hagsmunaaðilar noti þá óspart til þess að hafa áhrif og beita þrýstingi.

Upprunaábyrgðir raforku – til útflutnings?

Hilmar Gunnlaugsson hjá Sókn lögmannsstofu velti upp þeirri spurningu hvort það stæðist lög að flytja upprunaábyrgðir raforku úr landi. Hilmar sagði lög um upprunaábyrgð raforku heimila það og að Evróputilskipun nr. 2009/28/EB geri ráð fyrir því að þetta sé söluhæf vara. Hilmar sagði svarið hins vegar ekki svo einfalt og að samkvæmt upplýsingum Orkustofnunar frá júní 2017 hafi raforka á Íslandi verið 99% framleidd úr endurnýjanlegum



orkugjöfum. Í sömu upplýsingum hafi komið fram að seld raforka á Íslandi árið 2016 hafi verið 21% úr endurnýjanlegri orku, 20% úr kjarnorku og 59% úr jarðefnaeldsneyti. Þessar upplýsingar eru einfaldlega rangar enda er flutningskerfi raforku á Íslandi hvergi tengt öðrum kerfum og því vaknar spurningin: Stenst lög að selja upprunaábyrgðirnar úr landi?

Í reglum Evrópuréttarins er upprunaábyrgð skilgreind sem rafrænt skjal sem hefur aðeins það hlutverk að sanna fyrir kaupanda að tiltekið hlutfall orku hafi verið framleitt úr endurnýjanlegum orkugjöfum. Þeir sem selja neytendum orku þurfa því að geta sagt til um hvernig hún er tilkomin og tilgreina það í reikningum. „Það má halda því fram að ef þú ætlar að sanna hvaðan eitthvað kemur þá þurfi það að geta fræðilega komið þaðan,“ sagði Hilmar.

Hilmar sagðist telja að það geti gengið gegn markmiðum Evrópulöggjafar um upprunaábyrgðir að unnt sé að selja upprunaábyrgðir frá ótengdum framleiðendum til neytenda í Evrópu. Þá sé hin hliðin sú að ranglega sé verið að halda því fram að á Íslandi sé verið að nota rafmagn framleitt úr kjarnorku og jarðefnaeldsneyti. Tilgangurinn með upprunaábyrgðum sé að auka framleiðslu á endurnýjanlegum orkugjöfum. Hilmar velti því að lokum upp hvort ekki væri verið að ganga á stuðning almennings og jafnvel verið að blekkja Evrópska neytendur sem eru hinir endanlegu kaupendur. Fram kom í umræðum eftir framsögu Hilmars að töluverð breyting hafi orðið á milli ára og að í júní sé von á upplýsingum um árið 2017 sem sýni mun minni útflutning upprunaábyrgða.

#metoo byltingin - Hvað svo?

Svala Ísfeld Ólafsdóttir sérfræðingur hjá dómsmálaráðuneytinu og dósent við lagadeild HR fór yfir #metoo byltinguna. Hún sagði þetta vera stórmál þó það væri það kannski ekki í lagalegum skilningi og lögin ekki til þess fallin að taka á því. Svala fór yfir hvernig #metoo byltingin hófst með ásökunum á hendur Harvey Weinstein yfir í stofnun facebook hópa þar sem konur sem tilheyrðu sömu hópum eða sömu starfstétt deildu sögum sínum og rufu þögnina. Hópur fyrir konur í réttarvörslukerfinu var stofnaður sem telur nú 730 konur. Sameiginleg yfirlýsing var send á fjölmiðla þann 7. desember 2017, undir yfirskriftinni „þögnin rofin“, en 156 konur skrifuðu undir yfirlýsinguna og henni fylgdu 45 sögur. Svala deildi sínum sögum úr hópnum og fór einnig yfir nokkrar sem henni þótti minnisstæðar. Hún sagði sögurnar eiga samhljóm í niðurstöðu rannsóknar Katrínar Johnson mannfræðings.



Hilmar Gunnlaugsson.

Katrín lagðist í rannsóknir fyrir meistararitgerð sína og ákvað að kanna hvernig kynjahlutfall hefði áhrif á menningu innan lögmannsstofa, andrúmsloft og hvort kyn hefði áhrif á persónulegt vald lögmannna. Niðurstöður Katrínar voru skýrar, kvenlögmennt þurfa að hafa meira fyrir trúverðugleika og fagmannlegri ímynd. Katrín var spurð að því í viðtali við Lögmannablaðið hvað kom henni mest á óvart í rannsókninni, hún sagði það vera hvað karllæg gildi og gamlar „steriótýpískar“ hugmyndir um kynin væru ennþá við lýði. Hún sagði konur búa við annan veruleika. Svala sagði þessa staðhæfingu, að konur búi í raun við annan veruleika ramma inn allt sem #metoo byltingin stendur fyrir. Byltingin hefur dregið fram þá staðreynd að konur sem verða fyrir kynbundnu ofbeldi, áreiti eða niðurlægingu tilheyra ekki jaðarhópi heldur koma úr öllum stéttum. Þetta felur í sér ákall um allir láti sig þetta varða og félög lögfræðinga eiga að bregðast við og reyna uppræta þá djúpstæðu og rótgrónu menningu sem ríkt hefur.

Að endingu fór Svala yfir næstu skref sem hljóta að vera aukin fræðsla í laganáminu og á hdl. námskeiðinu. Einstök fagfélög, eins og DÍ, LMFÍ, LÍ og FKL ættu að koma saman og ræða þessi mál eins og tilefni er til. Vinnustaðir þurfa að taka sig á, setja sér stefnu og verkferla. Þá leggur Svala til að sérstök #metoo nefnd verði sett á laggirnar sem fengi það hlutverk að greina umfang vandans, skoða sögurnar, kalla eftir hugmyndum og tillögum að aðgerðum. Markvisst yrði þannig unnið að því að tryggja konum jafna stöðu á við karla og þá virðingu sem þær verðskulda.

[Anna Lilja Hallgrímsdóttir](#)



F.v. Jónína S. Lárusdóttir, Georg Lúðvíksson, Helga Þórisdóttir, Erna Hjaltested og Hallgrímur Ásgeirsson.

FRAMTÍÐARSÝN Á FJÁRMÁLAMARKAÐI

Á málstofu um framtíðarsýn á fjármálamarkaði á Lagadeginum 2018 var fjallað um samspil nýrrar tilskipunar ESB um greiðsluþjónustu (PSD2) við almennu persónuverndarreglugerðina (PVRG). Málstofustjóri var Jónína S. Lárusdóttir framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Arion banka, og framsögumenn þær Erna Hjaltested lögfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, og Helga Þórisdóttir forstjóri Persónuverndar. Auk þeirra voru þeir Georg Lúðvíksson forstjóri Meniga og Hallgrímur Ásgeirsson yfirlögfræðingur hjá Landsbankanum í panil.

Aukið aðgengi þriðju aðila að bankaupplýsingum

Greiðsluþjónusta felur fyrst og fremst í sér að færa peninga frá einum aðila til annars með rafrænum hætti og í erindi sínu fjallaði Erna Hjaltested um tilskipun ESB um greiðsluþjónustu sem fyrirhugað er að verði tekin upp í EES-samninginn á þessu ári. Hinni nýju tilskipun er ætlað að opna aðgengi þriðju aðila að bankaupplýsingum um neytendur og tilgangurinn er einkum að efla samkeppni, örva tækniþróun á netinu og bæta hag neytenda. Með hinum nýju reglum munu neytendur geta nýtt sér nýjar

tegundir þjónustu, átt auðveldara með að versla á netinu auk þess sem bankar þurfa ekki að samþykka aðgang þriðju aðila, oftast svokallaðra fjártæknifyrirtækja, að bankaupplýsingum. Innleiðing tilskipunarinnar felur í sér endurskoðun á núgildandi lögum nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu en meðal nýjunga er útvíkkun á gildissviði með fleiri þjónustum sem greiðsluþjónusta nær til auk þess sem tilskipunin mun einnig ná til greiðslna sem eru að hluta utan EES. Skýlt verður að hafa starfsleyfi eða skrá þjónustuna hjá Fjármálaeftirlitinu ásamt því sem strangar



Jónína málstofustjóri lét þátttakendur standa upp og gera nokkrar Müllersæfingar.

kröfur verða gerðar um ferla til að vakta, meðhöndla og fylgja eftir öryggisfrávikum. Erna fór einnig yfir það hvernig auknar öryggiskröfur kallist á við aukna neytendavernd sem tilskipuninni er ætlað að tryggja. Til að mynda verða gerðar ríkar kröfur um auðkenningu neytenda ásamt því sem endurkröfuréttur er bættur í þeim tilvikum þegar greiðsla telst óheimil. Því næst vék Erna að því hvernig er fjallað um meðferð og vinnslu persónuupplýsinga í tilskipuninni. Að mestu virðist þar vera um að ræða sömu meginreglur og finna má í almennu persónuverndarreglugerðinni. Ekki liggur hins vegar ljóst fyrir hvaða áhrif hinar nýju reglur munu hafa á íslenskan fjármálamarkað. Til að mynda hvort hið breytta landslag muni leiða til tekjutaps fyrir bankana, hvort fjarskiptafyrirtækin munu koma enn meira inn á þetta svið og hvort erlendir greiðsluþjónustuveitendur munu hasla sér völl hér á landi, t.d. Facebook og Google.

Persónuleg fjármálaþjónusta – Hversu langt má ganga?

Helga Þórisdóttir fór yfir hvaða áskoranir væru fólgnar í fyrirhugaðri opnun á bankastarfsemi að því er varðar vinnslu og meðferð persónuupplýsinga. Hún taldi meginspurninguna vera hversu langt fyrirtæki og fjármálastofnanir mættu ganga við söfnun persónuupplýsinga á þessu sviði. Meginmarkmið með almennu persónuverndarreglugerðinni er forræði og stjórn einstaklinga á eigin upplýsingum. Þetta sé einnig markmiðið með PSD2. Hið sama á við um auknar öryggiskröfur, sem bæði regluverkin byggja á, ásamt því að markmiðið er að tryggja aukna samkeppni og nýsköpun. Sífelld fleiri þjónustur byggja á því að vera klæðskerasniðnar að viðkomandi einstaklingi, t.d. þjónusta Netflix, Amazon og Facebook. Þetta verði hugsanlega einnig nýtt til

að veita einstaklingum persónulega fjármálaþjónustu en verðmætið er fólgið í upplýsingum um kaupvenjur þeirra. Helga benti á að bankar ætli að byggja þjónustu sína á snjallsímum, til að mynda breski Atom bank sem hefur upplýst um þá fyrirætlan sína að safna öllum þeim gögnum sem finna má í snjallsímum viðskiptavina sinna til að nota við þjónustuna. Þá er aukin sjálfvirkni einnig að verða að veruleika á sviði bankaþjónustu. Mannleg aðkoma er sífelld að verða takmarkaðri, notkun gríðargagna (e. Big data) hefur aukist og gervigreind og algrímar (e. Algorithm) verða sífelld þróaðri. Þetta hefur áhrif á alla vöru og þjónustu á fjármálamarkaði, s.s. gerð persónusniðs, flokkun viðskiptavina, markaðsherferðir og vöruþróun. Þá er staðreynd að nethegðun einstaklinga er í dag nýtt við mat á lánshæfi eða greiðslugetu einstaklinga. Helga tiltók einnig að þessar breytingar á fjármálamarkaði kalli á samvinnu og nýtt samstarf. Það verður erfiðara að greina hver er á fjármálamarkaði og hver ekki. Til að mynda munu bankarnir sjálfir fara í samvinnu við aðra aðila sem ekki hafa sinnt slíkri þjónustu. Einstaklingar þurfa því að gæta að þessari nýju heimsmynd til að átta sig á hver veit hvað um þá og hvar eru persónuupplýsingar þeirra eru niðurkomnar. Hér þurfa fjármálafyrirtækin að gæta að því að safna ekki meira af persónuupplýsingum en þörf er á, sem getur þó verið vandasamt, s.s. í tengslum við notkun algríma. Ýmis hættumerki eru einnig uppi en slík upplýsingasöfnun kalli á aukna hættu á netárásam auk þess sem einstaklingar munu eiga erfiðara með að hafa stjórn á eigin persónuupplýsingum. Þá kann aukið eftirlit með hegðun einstaklinga, til að veita þeim tiltekna þjónustu eða fyrirgreiðslu, að leiða til þess að viðkomandi

breytir hegðun sinni gagnert í þeim tilgangi að hafa áhrif á slíkt. Að síðustu fór Helga yfir helstu nýjungar með almennu persónuverndarreglugerðinni og þá framtíðarsýn á fjármálamarkaði sem er handan við hornið – persónuupplýsingar sem gjaldmiðill framtíðarinnar!

Ekki verið að opna fyrir allar upplýsingar úr bönkum

Eftir nokkrar teygjuæfingar undir styrkri stjórn málstofu- stjóra ræddi Hallgrímur Ásgeirsson um þá staðreynd að PSD2 væri þó ekki að opna fyrir allar upplýsingar úr bönkum. Um væri að ræða opnun á upplýsingum um greiðslureikninga, þ.e. upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að veita greiðsluþjónustuna. Georg Lúðvíksson fjallaði því næst um fyrirtækið Meniga sem hann stofnaði fyrir níu árum síðan. Hugmyndin að baki Meniga hefði verið að aðstoða einstaklinga við að skipuleggja heimilisfjármálin. Hann sá að nýta mætti upplýsingateknina til að bæta fjármálahegðun fólks en til þess þurfi fyrirtækið aðgang að gögnum sem liggja í bönkunum og því hafi starfsemin verið mjög í anda þess sem nú er stefnt að með PSD2. Meniga hefur einnig ávallt gætt þess að einstaklingar hafi forræði á eigin persónuupplýsingum og þar af leiðandi byggir vinnsla upplýsinganna á samþykki. Hið flókna í þessu er að tryggja að hægt sé að útskýra fyrir einstaklingum með fullnægjandi hætti hvernig gögnin eru notuð.

Um innleiðingu í íslensk lög og samræmi


Rætt var nánar um hvort fyrirhugað væri að nýtt frumvarp um innleiðingu almennu persónuverndarreglugerðarinnar myndi taka gildi um svipað leyti hér á landi og innan ESB. Ef eitthvert misræmi yrði að þessu leyti var nefnt að gripið yrði til tiltekinna ráðstafana varðandi EFTA ríkin þannig að hagsmunir einstaklinga og fyrirtækja yrðu tryggðir. Helga fór yfir það starf sem Persónuvernd hefur sinnt í aðdraganda hinnar nýju löggjafar. Áherslan hefði verið nokkuð á hinar nýju sektarheimildir en hún áréttaði að þær væru hugsaðar sem ákveðin endalausn sem þyrfti vonandi ekki að koma til.

Nokkur umræða skapaðist í lokin, til að mynda varðandi samspil greiðsluþjónustutillskipunarinnar og almennu persónuverndarreglugerðarinnar og ástæða þess að hugtakaskilgreiningar hafi ekki verið að fullu samræmdar, t.d. varðandi hugtakið „samþykki“. Kom fram að hugsanlega væri hægt að samræma þetta í innleiðingarferlinu, s.s. þannig að ný löggjöf um greiðsluþjónustu myndi taka mið af hugtakaskilgreiningum í almennu persónuverndarreglugerðinni og löggjöf sem af henni mun stafa.

Hvað ber framtíðin í skauti sér?

Georg fór að lokum yfir hvernig þessar nýju reglur hafa áhrif á bankaþjónustu. Bretland væri mjög framarlega á þessu sviði og mætti kalla leiðandi í Evrópu á sviði fjártækniþjónustu. Mikill fjöldi fjártækniyrirtækja væri starfandi í Bretlandi og sum þeirra væru jafnvel einnig að sækja inn á svið bankanna með því að sækja um bankaleyfi. Meniga hafi í samstarfi sínu við bankana hjálpað þeim að bregðast við hinni nýju samkeppni. Þá séu sumir bankar að vinna eftir því að geta veitt meira af upplýsingum til fjártækniyrirtækja og jafnvel hætta alfarið með framendaþjónustu sína á meðan aðrir bankar veiti auknu fjármagni til heimabankaþjónustu sinnar. Georg nefndi að nokkur óvissa væri fólgin í því hvernig hinar nýju reglur verði túlkaðar, s.s. varðandi hvernig einstaklingar eru fræddir til að tryggja að samþykki þeirra fyrir vinnslu persónuupplýsinga teljist upplýst. Hallgrímur benti á í þessu sambandi að það kynni að taka tíma að slípa hina nýju löggjöf til að því er varðar hvernig reglurnar skulu túlkaðar og að persónuverndarstofnanirnar í Evrópu munu þurfa að taka tillit til þess. Þátttakendur voru sammála um að í hinu nýja regluverki væru fólgin mikil tækifæri fyrir aðila á fjármálamarkaðinum og að miklar breytingar væru handan við hornið.

[Ingvi Snær Einarsson lögmaður](#)





F.v. Eva Halldórsdóttir, Helga Kristín Auðunsdóttir, Heimir Örn Herbertsson, Bjarni Þór Bjarnason og Ragnar Tómas Árnason. Á skjánum er Márten Janson.

FRAMTÍÐARMÁLSTOFA UM 4. IÐNBYLTINGUNA

Við erum stödd í fjórðu iðnbyltingunni og fyrir liggur að flest störf muni breytast. Á lagadeginum fjallaði framtíðarmálstofa um gervigreind, gagnagnótt, rekstrarumhverfi lögmannsstofa á breyttum tímum, kubbakeðjur og hvernig menntun og undirbúningur lögfræðinga þarf að taka mið af þeirri öru þróun sem hafin er. Fyrirlesarar voru Heimir Örn Herbertsson lögmaður og sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík, Helga Kristín Auðunsdóttir lektor og varaforseti félagsvísinda- og lagadeildar Háskólans á Bifröst, Márten Janson frumkvöðull í Finnlandi, Bjarni Þór Bjarnason lögmaður hjá Deloitte og Ragnar Tómas Árnason lögmaður hjá LOGOS og aðjúnkt við lagadeild Háskóla Íslands. Málstofunni stýrði Eva Halldórsdóttir lögmaður hjá Lögmonnum Lækjargötu.

Að útskýra internetið fyrir maur

Heimir Örn Herbertsson hóf erindi sitt á léttum nótum og vék að þeim ævintýralegu breytingum sem orðið hafa á samfélaginu einungis á einum áratug. Byltingarkenndar breytingar gerist sífellt hraðar og verði sífellt stórbrotnari en fræðimenn hafa spáð því að þegar árið 2050 verði heimurinn óþekktanlegur frá því sem nú er. Heimir fjallaði á skeleggan hátt um mismunandi tegundir gervigreindar og þróun þeirrar tækni sem að hans mati mun ráða langmestu um það hvað okkar bíður á næstu árum. Öll þekkjum við gervigreind á afmörkuðu sviði, s.s. skáktölvur. Almenn gervigreind er í þróun sem ætlað er að vera „á pari“ við greind manneskju en svokölluð ofurgreind kemur væntanlega í kjölfarið þegar almenn gervigreind hefur litið dagsins ljós. Fyrirbæri búið slíkri greind myndi hafa greiningargetu á við allt mannkynið en Heimir tók fram að álíka auðvelt væri að úrskýra fyrirbærið fyrir okkur sem lifum nú og að útskýra internetið fyrir maur.

Ólögmaett samráð tveggja algríma í Öskjuhlíð?

Heimir sagði að í dag verði til jafnmikið af gögnum á tveggja daga fresti og öll gögn samanlagt sem urðu til frá upphafi mannskyns til ársins 2000. Við skiljum eftir okkur stafræn fótspor með öllu sem við gerum á internetinu, þau eru svo færð inn í tölvuforrit sem geta spáð fyrir um hegðun okkar, breytni og ákvarðanir. Þetta gefur mikla möguleika til markaðssetningar sem og til að hafa bein áhrif á breytni okkar, til dæmis sem kjósenda og ekki síst sem neytenda. Upplýsingar, auk stjórnunar og yfirráða á gagnasöfnum og gagnaböndum, verða augljóslega sífellt þýðingarmeiri. Á sviði samkeppnisréttar geta fyrirtæki sem dæmi nýtt sér tæknina til að spá fyrir um verðlagningu keppinauta, neytendum til tjóns en samkeppnin er almennt drifin áfram af óvissu. Sjá mætti fyrir álitafæni í tengslum við bann við ólögmaetu samráði þegar fyrirtæki geta notað algrími (e. algorithm) til að spá fyrir um hegðun og verðlagningu keppinautana.

Eftir fjórlega og ævintýralega umfjöllun sem minnti á vísindaskáldsögu færðust efnistökin „nær jörðu“ eins og Heimir komst sjálfur að orði. Lauk hann framsögu sinni á gamansömum nótum með dæmum um lögfræðileg álitamál sem spöttið gætu af tækniframförum og þátttöku róbóta í atvinnulífinu.

Tækifæri og þróun

Helga Kristín Auðunsdóttir er doktorsnemi við Fordham háskólann í New York en hún fjallaði um mikilvægi þess að við lögfræðingar nýtum tæknina okkur í hag og þau

tækifæri sem hún veitir til að verða „ódrepanði“ stétt. Helga benti á það að þróun starfa og munur milli lögfræðinga og lögmanna yrði sífellt óljósari með tilkomu fjórðu iðnbyltingarinnar. Atvinnuleysi meðal lögfræðinga og annarra undanfarin ár, hérlendis og erlendis, hefði leitt af sér ýmsa nýsköpun og frábærar hugmyndir sem hefðu ekki orðið nema vegna þess að hæft fólk án atvinnu hefði fundið sig knúið til að skapa sér eigin verkefni. Þannig hefðu lögmenn og lögfræðingar í góðu starfi engan hvata til að breyta núverandi kerfi. En þegar löglærður hittir ólöglærðan – þá gerist hlutirnir!

Útvistun innanhúslögmanna

Márten Janson er fyrrum lögmaður í Finnlandi og kom inn í umræðuna í gegnum fjarfundabúnað en hann stofnaði fyrirtækið Fondia ásamt eiginkonu sinni, sem var jafnframt lögmaður, árið 2004. Þau sáu þörf fyrir nýsköpun á sviði lögfræðipjónustu á markaðnum og fóru að bjóða upp á lögfræðipjónustu í áskrift. Fyrirtæki greiða þeim fast mánaðargjald og lögfræðingar Fondia sjá um öll lögfræðileg málefni þeirra á föstu verði. Þá greindi hann frá því að Fondia hafi aldrei verið meðlimur í Lögmannafélagi Finnlands en þarlendis gilda áþekkar reglur og hérlendis um einkarétt lögmanna. Lögmannafélagið í Finnlandi gerir engar athugasemdir við starfsemina og mun áfjád í að fá þau sem meðlimi. Þau hafa lýst því yfir að svo verði ekki fyrr en lagaumhverfinu verði breytt.

Stödd í miðri byltingu

Næstur tók til máls Bjarni Þór Bjarnason en Deloitte hefur verið leiðandi á sviði sjálfvirkni og að nýta tæknina til að auka skilvirkni innanhúss. Hann minnti á það að fjórða iðnbyltingin væri ekki handan við hornið, líkt og margir héldu fram, heldur værum við stödd í henni miðri. Afar mikilvægt væri að við gerðum okkur grein fyrir því og nýttum þau tækifæri sem í því felast. Bjarni fjallaði um þær breytingar sem fyrirséð væri að iðnbyltingin hefði í för með sér fyrir rekstrarumhverfi lögmanna og lagði ofuráherslu á þýðingu þess hvernig þessi tækni öll skapaði nýjar væntingar til umbjóðenda lögmanna og lögfræðinga. Breytt rekstrarumhverfi viðskiptavina lögfræðinga og lögmanna gegndi lykilhlutverki sem og sú staðreynd að regluverk og lagaumhverfið allt er sífellt að verða flóknara. Kæmi þar til að mynda til áhrif hins stafræna hagkerfis og aukinn alþjóðavæðing markaða sem einnig yrðu stærri og einkum óáþreifanlegri. Bjarni galt varhug við þeirri tilhneigingu okkar til að ofmeta áhrif tæknifarfara til skamms tíma en vanmeta langtímaáhrifin. Loks sýndi Bjarni áhrifaríkt myndband með dæmum um hvernig Deloitte væri þegar

farið að nýta sér gervigreind og sjálfvirkni í störfum sem áður tóku nokkra aðila óratíma að vinna. Hvað sem öllu liði væru tölvur allt að einu enn afar lakar í „common sense“.

Kubbakeðjan

Að lokum útskýrði Ragnar Tómas Árnason kubbakeðjutækni (e. blockchain) á mannamáli og hvernig slík færslukerfi munu, ef svo fer sem horfir, valda straumhvörfum í viðskiptalífinu. Ragnar telur áhrif tækninar jafnvel geta svipað til áhrifa tilkomu internetsins í sínum tíma. Ragnar fór yfir tengsl rafmyntarinnar bitcoin og blockchain en myntin byggir á kubbakeðjutækni en hvoru tveggja voru kynnt til sögunnar árið 2008 og kubbakeðjan þá sem færslukerfi fyrir rafmyntina. Aðalmarkmið kubbakeðja er örugg, skilvirk og varanleg rafræn sönnun á færslum og býður hún upp á margvíslega möguleika. Kubbakeðjur má til að mynda nota til að halda utan um skuldir og innstæður með tryggum hætti. Þannig hafa aðilar, m.a. í Bandaríkjunum, hafið að gefa út skráð og óskráð hlutabréf í gegnum kubbakeðju. Ljóst má vera að nauðsynlegt er að lögfræðingar tileinki sér skilning á viðskiptum og gerningum sem nota kubbakeðjutækni og hvernig þessi tækni virkar en við eigum nú þegar aðkomu að viðskiptum

og gerningum þar sem kubbakeðjur eru notaðar. Þegar kemur að úrlausn ágreiningsmála þar sem kubbakeðjur eiga í hlut, eða ágreiningur lagður fyrir dómstóla, er einsýnt að lögmenn, lögfræðingar og dómara þurfa að hafa grunnskilning á þessum viðskiptum sem og þeim gerningum sem nota kubbakeðjutækni í stjórnslu, viðskiptalífinu og fyrir dómstólum.

Í lokin

Öllum framsögumönnum bar saman um að áhrifa fjórðu iðnbyltingarinnar væri þegar farið að gæta í störfum okkar en ómögulegt væri þó að spá fyrir um þróunina með nokkurri vissu. Ljóst er að þeir sem kjósa að nýta sér þá möguleika sem tæknin býður upp á öðlast með því forskot á aðra lögfræðinga í heimi sívaxandi samkeppni.

[Katrín Smári Ólafsdóttir hdl.](#)

The logo consists of the letters 'BBA' in a bold, red, sans-serif font.The logo features a stylized orange and red icon resembling a flame or a leaf.

FULLTINGI
slysa- og skaðabótamál

The logo features the letters 'ISNIC' in a bold, black, sans-serif font, with 'the .is registry' in a smaller, black, sans-serif font below it.The logo consists of the word 'LOGOS' in a large, black, serif font.

Reykjavík · London



Mörkin lögmannsstofa hf.
Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík
Sími 414 4100 · Fax 414 4101 · www.law.is

LAGADAGUR AÐ KVÖLDI

Eins og venjulega var mikið um dýrðir að kvöldi Lagadags þegar lögfræðingar landsins flyktust þrúðbúnir í Hörpuna til að njóta samveru, matar, drykkjar og skemmtunar á heimsmælikvarða. Matur var ekki af verri endanum þar sem reykt lamb, andabringa og suðræn mangómús komu við sögu.



Jónína S. Lárusdóttir formaður Lögfræðingafélags Íslands setti samkomuna og fól Loga Bergmann stjórnina.

Hljómsveitin Hjartastuðtæki vondu hljómsveitarstjórans, undir styrkri stjórn Jóhannesar Karls Sveinssonar, tók nokkur lög, þar á meðal gamlan slagara með nýjum texta sem heitir „Það fær enginn allt sem hann vill (hlutverk lögmanna og dómara)“. Innihald textans fjallar um klögur og kærur, nágrennskærur, umsókn starfa hjá Landsrétti og fleira sem hefur verið í eldlínunni þetta árið. Vel gert!

Laganeminn Hrafnkell Ásgeirsson kom, sá og sigraði lögfræðinga landsins með uppistandi.



VIÐTAL VIÐ BERGLIND SVAVARSDÓTTUR,
FORMANN LÖGMANNAFÉLAGSINS



HVER FORMAÐUR HEFUR SÍNA ÁSÝND

Berglind Svavarsdóttir lögmaður var kjörin formaður á aðalfundi Lögmannafélags Íslands 24. maí síðastliðinn. Hún er aðeins önnur konan í 107 ára sögu félagsins til að gegna formennsku en Þórunn Guðmundsdóttir var formaður árin 1995-1997. Eva Halldórsdóttir ritstjóri Lögmannablaðsins hitti Berglind og ræddi við hana um lögmennskuna, lífið og starfið framundan.



Ljósmynd: M. Flóvent

Nafn: Berglind Svavarsdóttir lögmaður.

Vinnustaður: Lögfræðistofa Reykjavíkur.

Hve lengi hefur þú stundað lögmenntu? 22 ár.

Hver eru helstu áhugamál þín? Lestur, fjallgöngur og skíði.

Fjölskylduhagir? Eiginmaður minn, Friðfinnur Hermannsson, lést af völdum krabbameins í apríl 2017.

Börn: Á tvo syni, 26 ára og 21 árs, og eina dóttur 16 ára.

Hvernig kom það til að þú ákvaðst að bjóða þig fram til formennsku?

Þegar komið var að máli við mig í vetur þá ákvað ég, eftir töluverða umhugsun, að slá til. Ég hef talsvert komið að starfi félagsins í gegnum tíðina, var varamaður í úrskurðarnefnd lögmannna frá 2005 til 2015 og var varamaður í stjórn félagsins árið 2014 en sat nær alla fundi þar sem einn stjórnarmanna hætti lögmenntu. Síðan var ég aðalmaður í stjórn 2015 til 2017, þar af sem varaformaður síðara árið. Einnig kom ég að stofnun FKL, félags kvenna í lögmenntu, og sat þar í stjórn um tíma.

Ég þekki því ágætlega til félagsins og starfsemi þess og hef mikinn áhuga á að vinna að málefnum lögmannna og réttarkerfisins.

Nú ert þú önnur konan til að gegna formennsku í félaginu, af hverju heldur þú að þær hafi ekki verið fleiri?

Þetta er reyndar mjög góð spurning, sérstaklega í ljósi þess að nú er hlutfall kvenna í félaginu um 31% og það mun aukast. Ég get þó ekki svarað henni. Í gegnum tíðina hafa fáar konur tekið þátt í störfum LMFÍ en sem betur fer hefur það breyst á síðustu misserum og árum

og nú er t.d. meirihluti stjórnar skipaður konum. Það er hins vegar áhyggjuefni að þótt konum hafi fjölgað í stéttinni þá hefur þeim ekki fjölgað hlutfallslega sem sjálfstætt starfandi lögmonnum og brottfall úr stéttinni er mun meira meðal kvenna. Samkvæmt mjög áhugaverðri skýrslu um starfsumhverfi lögmannna og fjölskylduábyrgð sem var unnin á vegum LMFÍ og kom út í desember s.l. eru t.a.m. 35% kvenna með lögmannsréttindi sjálfstætt starfandi samanborið við 56% karla eru sjálfstætt starfandi og hafa þær tölur nánast ekkert breyst frá árinu 2005. Sú staðreynd bendir til þess að einhverju þurfi að breyta varðandi starfsumhverfi lögmannna og það þarf félagið að skoða.

Í fjölbreyttari verkefnum úti á landi

Hver er bakgrunnur þinn?

Ég er fædd árið 1964 og uppalin á Akureyri. Ég lauk stúdentsprófi frá MA 1984 og kandidateitprófi frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1989. Eftir það fór ég til Frakklands og var þar í eitt ár að læra frönsku og sérhæfði mig í vín- og ostasmökkun.

Svo fluttir þú á landsbyggðina, ekki rétt?

Jú, ætli megji ekki segja um mig að ég sé miðaldra kona utan af landi! Ég réði mig sem fulltrúa hjá embætti sýslumannsins á Húsavík með það í huga að vera þar í einn vetur en í lengdist á Húsavík í 17 ár. Ég vann hjá sýslumanni í 6 ár og síðan stofnaði ég árið 1996 lögmannsstofu og fasteignasölu. Fyrstu árin var ég einyrki en síðan stofnuðum við þrjár landsbyggðarlögmenn lögmannsstofuna Regula hver á sínu horni landsins; á Húsavík, Egilsstöðum og Höfn í Hornafirði. Við gáfum okkur út fyrir að vera landsbyggðarlögmannsstofa og stofnuðum síðar útibú í Reykjavík. Þar vann ég fyrst eftir að ég flutti suður en gekk síðar til liðs við Acta lögmannsstofu árið 2011. Acta var „kvennastofa“ en við vorum sjö konur sem rákum þá stofu. Acta lögmannsstofa sameinaðist síðan Lögfræðistofu Reykjavíkur vorið 2016 og þar erum við 18 lögmenn af báðum kynjum með sérþekkingu á öllum sviðum lögfræðinnar auk þess sem aldursamsetning er fjölbreytt sem mér finnst mjög gott. Ég hef því reynslu af öllum þeim rekstrarformum sem viðgangast hjá lögmonnum í sjálfstæðum rekstri, þ.e. í einyrkjarekstri, „púllíu“ og „regnhlíf“.

Er mikill munur á því að vera einyrki eða að vera partur af stærra mengi á stærri lögmannsstofu?

Já, sérstaklega hvað varðar félagslega þáttinn, ég þrífst frekar illa bara ein og sér. Það fylgir því vissulega meira frjálsræði að vera einn en hins vegar hefur maður stuðning

og nýtur aðstoðar hvenær sem á þarf að halda á stærri stofu. Þá vita það nú allir lögmenn að frelsi getur auðveldlega snúist upp í helsti.

En er einhver munur á lögmannsstörfum í meðalstórum bæ á landsbyggðinni eða á höfuðborgarsvæðinu?

Já, störfín eru að mörgu leyti fjölbreyttari úti á landi en sérhæfingin hins vegar meiri á höfuðborgarsvæðinu. Þegar ég var fyrir norðan þá kom ég til að mynda að sjóprófum, var oddviti í landskiptanefndum og kom eiginlega að öllum sviðum lögfræðinnar.

Hvaða sérsvið hefur þú helst fengist við í störfum þínum? Ég hef mikið fengist við skiptastjórn og var meðal annars í slitastjórn SPB á tímabilinu 2009-2016. Þá hef ég töluvert sinnt fjölskyldurétti, bæði sifja- og erfðarétti, auk allrar alhliða lögmannsþjónustu. Þá hef ég setið í bankaráði Landsbankans frá árinu 2016.

Tæknivæðing réttarkerfisins nauðsynleg

Snúum okkur að LMFÍ, fyrir hverju hyggst þú beita þér sem formaður?

Auðvitað er það þannig að hver formaður hefur sína ásýnd en það skiptir máli að hafa gott fólk með í stjórn og ég tel að nýkjörin stjórn Lögmannafélags Íslands sé afskaplega vel skipuð. Við tökum við góðu búi frá Reimari og fyrri stjórn og ég mun halda áfram að vinna að þeim málum sem þegar eru í gangi.

Ég tel að formaður félagsins þurfi að koma fram sem öflugur málsvari réttarríkisins og mannréttinda. Það eru mörg mál sem þarfnast frekari skoðunar en brýnt er að félagið gæti hagsmuna lögmannastéttarinnar í hvívetna og standi vörð um sjálfstæði hennar. Þá er það einnig á ábyrgð félagsins að stuðla að framþróun réttarins og gæta réttaröryggis. Það hefur átt sér stað mikil vinna innan lögmannafélagsins við endurskoðun samþykktu og siðareglu félagsins auk þess sem nauðsynlegt er að fram fari allsherjarendurskoðun á lögmannalögum. Lögmannafélagið hefur nokkrum sinnum sent tillögur til dómismálaráðuneytis um breytingar á lögmannalögum en ekki haft erindi sem erfiði. Skylduendurmenntun lögmannna, skilyrði um starfsreynslu við öflun lögmannsréttinda og aðlögun að nýjum aðstæðum og tækni eru atriði sem vinna þarf að. Við verðum að fara að tileinka okkur stafræna tækni í meira mæli. Þau fornfálegu vinnubrögð sem fyrirfinnst innan réttarkerfisins eru varla boðleg lengur, það er verið að ljósrita sömu gögnin mörgum sinnum og í massavís, þau sömu og liggja þegar fyrir hjá dómstólunum. Þessu þarf



Ljósmynd: M. Flóvent

að breyta og ég varð fyrir vonbrigðum með að menn hafi ekki notað tækifærið við stofnun Landsréttar til að smeygja sér inn á tækniöldina.

Þá tel ég að það þurfi að endurbæta reglur um réttaraðstoð og gera hana virkari og raunhæfari en fyrir stuttu síðan kom út mjög athyglisverð skýrsla um gjafsóknarmál á vegum LMFÍ. Það er óneitanlega aðfinnsluvert þegar fólk með 100% örorkubætur fær ekki gjafsókn vegna of hárra tekna. Þá finnst mér að eigi að skoða leiðir til réttaraðstoðar vegna reksturs mála fyrir úrskurðarnefndum en slík mál geta varðað gríðarlega hagsmuni og eru tímafrek og kostnaðarsöm.

Samheldni og samvinna félagsmanna

Hvernig finnst þér ásýnd lögmannna og lögmannafélagsins eiga að vera?

Ásýndin á að endurspegla traust, heiðarleika, réttsýni og yfirvegum. Lögmennt eiga að tileinka sér góða lögmannshætti og koma fram við aðra með virðingu og kurteisi.

Hvernig viltu sjá lögmannafélagið þróast á næstu misserum? Starf félagsins á að vera sýnilegt og aðgengilegt fyrir hinn almenna félagsmann. Lögmennt eru eins mismunandi og þeir eru margir og rekstrarform og verkefni þeirra ólík en félagið á að beita sér fyrir sameiginlegum hagsmunum lögmannna. Lögmannafélagið sinnir lögboðnu eftirlits- og agavaldi en það á einnig að stuðla að samheldni og góðri samvinnu félagsmanna. Þá er margt framundan með aukinni alþjóðavæðingu, aukinni tækni og sífellt flóknara regluverki og við þurfum að sjá til þess að menntun lögmannna og starfsumhverfi taki mið af því og sé í stöðugri þróun og endurskoðun í þeim fjölbreytilega heimi sem við lifum í.

Í lokin, ætlar þú að vera sýnilegur formaður og taka þátt í samfélagsumræðunni og í fjölmiðlum?

Ef það hefur þýðingu fyrir hagsmuni félagsins og félagsmanna þá geri ég það.

Ásar – þýðingar og túlkun slf

Eftirfarandi þýðendur og túlkar starfa innan vébanda

Ása – þýðinga og túlkunar slf:

Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Bjarni Gunnarsson, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Niels Rask Vendelbjerg, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Jóhann Guðnason, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Matthías M. Kristiansen, þýðandi

Gísli S. Ásgeirsson, þýðandi

Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.

Aðili að rammisamningi Ríkiskaupa (RK-14.10).

Ásar – þýðingar og túlkun slf » Skipholti 50b » sími: 562-6588 » netf: ellening@simnet.is

ÁHRIF NÝRRAR PERSÓNUVERNDAR- LÖGGJAFAR Á LÖGMANNSSTOFUR

ÁSLAUG BJÖRGVINSDÓTTIR LÖGMAÐUR

Þann 25. maí sl. kom persónuverndarreglugerð Evrópusambandsins nr. 2016/679 („GDPR“) til framkvæmda í aðildarríkjum sambandsins. Drög að frumvarpi til laga sem innleiða eiga reglugerðina hafa verið birt hér á landi og bíður frumvarpið nú meðferðar Alþingis.

Ljóst er að nýtt persónuverndarregluverk mun hafa í för með sér talsverðar breytingar fyrir íslensk fyrirtæki og stofnanir sem vinna með persónuupplýsingar og eru lögmannsstofur þar ekki undanskýldar.

Lögmannsstofur vinna umtalsvert magn af persónuupplýsingum og í grófum dráttum má skipta flokkum hinna skráðu, þ.e. þeim einstaklingum sem unnið er með persónuupplýsingar um, í tvennt. Þannig er í flestum tilvikum annars vegar unnið með starfsmannaupplýsingar, þ.á m. upplýsingar um umsækjendur, fyrirverandi starfsmenn og verktaka, og hins vegar með upplýsingar um viðskiptamenn eða umbjóðendur. Jafnvel í þeim tilvikum þar sem umbjóðendur eru flestir lögaðilar eru ávallt einhverjir einstaklingar sem standa þar að baki og vinnsla á upplýsingum um þá fellur undir regluverkið. Í síðarnefnda hópinn fellur jafnframt vinnsla á upplýsingum um gagnaðila og aðra þá sem viðriðnir kunna að vera einstök mál.

Öll þessi vinnsla á persónuupplýsingum verður að vera í samræmi við ákvæði persónuverndarregluverksins. Við mat á því til hvaða aðgerða lögmannsstofur þurfa að grípa til þess að uppfylla skilyrði hins nýja persónuverndar-



regluverks er lykilatriði að kortleggja fyrst þá vinnslu sem á sér stað.

Vinnsluskrá

Öllum lögmannsstofum ber að halda svokallaða vinnsluskrá samkvæmt hinu nýja regluverki. Í hana skal fylla inn upplýsingar um hvaða persónuupplýsingar unnið er með, í hvaða tilgangi, í hversu langan tíma upplýsingarnar eru varðveittar o.s.frv. Persónuvernd hefur nýlega birt form að slíkri vinnsluskrá sem gott er að líta til. Með því að fylla vel út í vinnsluskrá þessa er hægt að kortleggja með ágætis hætti þá vinnslu sem á sér stað hjá viðkomandi lögmannsstofu.

Aðgerðir sem grípa þarf til

Á grundvelli vinnsluskrár er hægt að framkvæma gloppu-greiningu og útbúa lista yfir þau verkefni sem ráðast þarf í til þess að skilyrði hins nýja regluverks séu uppfyllt. Ekki er ólíklegt að flestar stofur þurfi að grípa til ýmissa aðgerða, þ. á m. eftirfarandi;

Fræða þarf starfsmenn og umbjóðendur um vinnslu; Veita þarf öllum þeim einstaklingum sem unnið er með persónuupplýsingar um, þ. á m. starfsmönnum og umbjóðendum, fræðslu um vinnsluna, hvaða upplýsingum er safnað, hvort þær eru afhentar þriðja aðila, á hvaða grundvelli upplýsingarnar eru unnar, hversu lengi þær eru varðveittar o.s.frv. Gott er að útbúa persónuverndarstefnu eða tilkynningu sem birt er þessum mismunandi flokkum hinna

skráðu. Mikilvægt er að veita þessa fræðslu áður en vinnsla hefst og gagnvart umbjóðendum kann að vera gott að hafa fræðslu þessa í verkefnabréfi.

Gera þarf vinnslusamninga við utanaðkomandi vinnsluaðila; Ef lögmannsstofa felur utanaðkomandi aðila að vinna með persónuupplýsingar fyrir sína hönd þarf að vanda vel valið á slíkum aðilum og þarf stofan að gera skriflegan vinnslusamning við slíka aðila þar sem nánar tiltekin ákvæði þurfa að koma fram. Dæmi um vinnsluaðila sem lögmannsstofur kunna að fela vinnslu á persónuupplýsingum eru hýsingaraðilar, þýðendur, gagnaeyðing og eftir atvikum ráðningarskrifstofur.

Eyða þarf persónuupplýsingum sem ekki er ástæða til að varðveita; Það telst alvarlegt brot á persónuverndarregluverkinu að varðveita upplýsingar sem ekki er lengur málefnalegt að eiga með hliðsjón af þeim tilgangi sem upplýsingarnar eru unnar í. Ávallt verður að greina varðveislutíma út frá tilgangi hverrar vinnsluaðgerðar en í dæmaskyni skal nefnt að almennt fæst ekki séð að hægt sé að varðveita umsóknargögn frá umsækjendum lengur en í sex mánuði eftir að gengið hefur verið frá ráðningu, upplýsingum um nánasta aðstandanda starfsmanna skal eytt við starfslok og almennt er erfitt að færa rök fyrir varðveislunni á upplýsingum um umbjóðendur og málum þeim tengdum eftir að fyrningarfrestur vegna mögulegra krafna vegna umrædds málareksturs er liðinn.

Gæta þarf að öryggisráðstöfunum; Mikilvægt er að grípa til fullnægjandi öryggisráðstafana til að verja þær upplýsingar sem unnið er með. Ein ráðstöfun er að stýra aðgangi að skjalasöfnum lögmannna og á stærri stofum getur verið ástæða til þess að taka upp notkun á atburðaskráningum þannig að hægt sé að skoða hverjir hafi haft aðgang að upplýsingum og eftir atvikum breytt þeim.

Afla þarf samþykkis fyrir vinnslu; Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að byggja á heimild, s.s. samningi, lagaskyldu, lögmatum hagsmunum eða samþykki. Telja verður að í flestum tilvikum geti lögmannsstofur byggt á þremur fyrrnefndu lagaheimildunum en í ákveðnum tilvikum kann að vera nauðsynlegt að afla sérstaks samþykkis fyrir vinnslu. Dæmi um það er sending markaðsefnis til annarra en umbjóðenda stofunnar. Spila þar saman skyldur persónuverndarlaga sem og fjarskiptalöggjafarinnar.

Undirbúa þarf aðgangsbeyðnir og önnur réttindi hins skráða; Í persónuverndarregluverkinu er mælt fyrir um víðtæk

réttindi þeirra einstaklinga sem unnið er með upplýsingum um. Þ. á m. hafa einstaklingarnir rétt til aðgangs að þeim upplýsingum sem unnið er með og rétt til afrits af þeim upplýsingum. Takmarkaðar undantekningar eru á þeim rétti samkvæmt frumvarpsdrögum en þó kann þagnar-skylda lögmannna að koma í veg fyrir afhendingu lögmannna á upplýsingum til annarra en umbjóðanda. Mikilvægt er að huga að þessu samspili og hvernig verða eigi við beiðnum sem þessum.

Skipa þarf persónuverndarfulltrúa; Það er eru ekki allar lögmannsstofur sem þurfa að skipa persónuverndarfulltrúa en þær stofur sem vinna mikið með viðkvæmar persónuupplýsingar, t.d. heilsufarsupplýsingar í líkamstjónamálum, eða upplýsingar um sakfellingar og refsiverð brot í sakamálum, gætu fallið undir slíka skyldu. Einyrkjum ber þó tæplega skylda til að skipa slíkan fulltrúa, þar sem vinnsla þeirra telst í fæstum tilvikum umfangsmikil í skilningi persónuverndarlaga jafnvel þó þeir hafi með höndum vinnslu slíkra viðkvæmra upplýsinga eða upplýsinga um refsiverð brot.

Innleiðing

Með hliðsjón af ofangreindu er að ýmsu að huga fyrir lögmannsstofur áður en nýtt persónuverndarregluverk tekur gildi hér á landi. Þegar verkefnalisti liggur fyrir er mikilvægt að forgangsraða verkefnum og hefjast handa við innleiðingu. Í þessu ferli, sem og í allri vinnslu persónuupplýsinga, er skjölun lykilatriði enda er svokölluð ábyrgðarskylda ein af meginreglum hins nýja regluverks, en hún felur það í sér að ekki er nóg að umræddu regluverki sé fylgt, heldur er nauðsynlegt að geta sýnt fram á slíka framfylgni.

NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÆSTARÉTTI

Arnar Kormákur Friðriksson

Íslenska lögfræðistofan, Kringlunni 4-12, 7. hæð, 103 Reykjavík, Sími: 412-2800

Ómar Örn Bjarnþórsson

Íslenska lögfræðistofan slf., Kringlunni 4-12, 7. hæð, 103 Reykjavík, Sími: 412-2800

NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMI

Arnar Halldórsson

Neytendastofa, Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Sími: 510-1100

Jóhann Fannar Sigurðsson

Lykill fjármögnun hf., Ármúla 1, 108 Reykjavík, Sími: 540-1796

Andrea Guðmundsdóttir

TCM innheimta / Þorbergsson og Loftsdóttir slf., Suðurlandsbraut 4a, 108 Reykjavík, Sími: 552-7500

Friðrik Smáráson

Hafnarstræti 97, 5. hæð, 600 Akureyri, Sími: 663-8887

Jörgen Már Ágústsson

Málflutningsstofa Reykjavíkur, Hús verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, Sími: 571-5400

Magnús Már Leifsson

Kvika banki hf., Borgartúni 25, 105 Reykjavík, Sími: 865-3111

Sigurður Rúnar Birgisson

Gjaldheimtan ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Sími: 570-5500

ENDURÚTGEFNI LÖGMANNSRÉTTINDI

Hulda Katrín Stefánsdóttir

Advel lögmann, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Sími: 520-2050

Guðmundur Skúli Hartvigsson

Skútuvegur 1A, 104 Reykjavík, Sími: 856-3159

Guðbjörg Anna Bergsdóttir

Silfurbraut 4, 780 Höfn, Sími: 866-8312

Erna Birgisdóttir

LS retail ehf., Hagasmára 3, 201 Kópavogur, Sími: 414-5801

NÝR VINNUSTADUR

Heiðar Örn Stefánsson

Lögmansstofa Heiðars Arnar ehf., Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík, Sími: 863-7913

Margrét Anna Einarsdóttir

Land lögmann, Smáratorgi 3, 201 Kópavogur, Sími: 546-4040

Eldjárn Árnason

Megin lögmansstofa, Skipholt 50d, 105 Reykjavík, Sími: 530-1800

Hjalti Þór Guðmundsson

Sjóvá, Kringlunni 5, 103 Reykjavík, Sími: 440-2000

Marta Guðrún Blöndal

ORF líftækni, Víkurharfi 7, 203 Kópavogur, Sími: 591-1570

Eiríkur Benedikt Ragnarsson

Reykviskir lögmann, Grjótagötu 7, 101 Reykjavík, Sími: 822-2121

Þórir Örn Árnason

Lög og innheimta, Borgartúni 27, 105 Reykjavík, Sími: 416-4000

Áslaug Björk Björnsdóttir

Lög og innheimta, Borgartúni 27, 105 Reykjavík, Sími: 416-4000

Daníel Thor Skals Pedersen

Málsvörn, Garðastræti 36, 101 Reykjavík, Sími: 662-6300

Svanhildur Anna Magnúsdóttir

SKR lögfræðipjónusta, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Sími: 698-5399

Ragnar Guðmundsson

SKR lögfræðipjónusta, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Sími: 695-1057

Ásgeir Sigurður Ágústsson

Kortapjónustan hf., Rafstöðvarvegi 7, 110 Reykjavík, Sími: 558-8053

Eiríkur Elís Þorláksson

EE og E ehf., Túngötu 6, 101 Reykjavík, Sími: 899-0193

NÝTT AÐSETUR

Páll Eiríksson

Steinunn Guðbjartsdóttir

Borgarlögmann – Holm & Partners, Vesturgötu 3, 101 Reykjavík, Sími: 520-4100

Oddur Þórir Þórarinsson

Land lögmann, Turninn, Smáratorgi 3, 12. hæð, 201 Kópavogi, Sími: 546-4040

Jóna Benný Kristjánsdóttir

Medial, Bogaslóð 2, 780 Höfn, Sími: 869-8650

Hrannar Hafberg

LMN ehf., Sundagörðum 2, 104 Reykjavík, Sími: 771-6390

Anna Svava Þórðardóttir

Davíð B. Gíslason

Gjaldheimtan ehf., Laugavegi 182, 3. hæð, 105 Reykjavík, Sími: 570-05500

Arnar Kormákur Friðriksson

Eggert Páll Ólason

Haukur Örn Birgisson

Ómar Örn Bjarnþórsson

Unnur B. Vilhjálmsdóttir

Íslenska lögfræðistofan slf., Kringlunni 4-12, 7. hæð, 103 Reykjavík, Sími: 412-2800

Björn Þór Rögnvaldsson

Vinnueftirlit ríkisins, Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík, Sími: 550-4600

Birgir Örn Guðmundsson

BÖG lögfræðistofa ehf., Strandgötu 31, 600 Akureyri, Sími: 848-9939

RÉTTINDI LÖGMANNA FRÁ ÖDRU EES RÍKI Á GRUNDELLI REGLUGERÐAR NR. 241/2018

Katherine Alice Nichols

Jurís lögmansstofa, Borgartúni 26, 105 Reykjavík, Sími: 580-4400

Jeppe Brogaard Clausen

Njord Law firm, Pilestræde 58 6, 1112 Kaupmannahöfn, Sími: +4577401122

Almenni er öðruvísi

Vandaðu valið á lífeyrissjóði

Það eru **ekki** allir lífeyrissjóðir eins.

Hér eru nokkur atriði sem aðgreina Almenna frá öðrum sjóðum:



Priðjungur af skyldusparnaði í séreignarsjóð

- Að minnsta kosti þriðjungur af skyldusparnaði fer í séreignarsjóð sem erfist og sjóðfélagar geta tekið út þegar þeir eru 60 ára.
- Það getur látið drauma rætast og gert eftirlaunaárin sveigjanlegri.



Eingöngu sjóðfélagar í stjórn

- Hjá Almenna eru eingöngu sjóðfélagar í stjórn kjörnir af sjóðfélögum.



Upplýsingamiðlun og þjónusta í sérflokki

- Almenni leggur áherslu á miðlun upplýsinga til sjóðfélaga þannig að þeir geti tekið upplýstar ákvarðanir.
- Almenni var valinn lífeyrissjóður ársins 2017 af fagtímaritinu European Pensions sem segir sjóðinn leggja megin áherslu á þjónustu við sjóðfélaga.



Sjóðfélagar ráða ferðinni

- Sjóðfélagar geta valið á milli sjö ávöxtunarleiða.
- Á sjóðfélagavef geta sjóðfélagar fylgst með söfnun og ávöxtun réttinda og séreignar auk þess að gera áætlanir og breytingar á ávöxtunarleiðum.